



Félag löggiltra endurskoðenda

Útg: Félag löggiltra endurskoðenda
Ábm: Björg Sigurðardóttir
formaður Ritnefndar FLE
Febrúar 2008
30. árgangur 1. tölublað

FLE fréttir

IFAC – menntunarnefnd

Fyrsti íslenski endurskoðandinn með sæti í IFAC nefnd

Í október 2006 var Krístrún Helga Ingólfssdóttir, félagsmaður í FLE, skipuð í nefnd á vegum International Federation of Accountants (IFAC), sem fulltrúi Norræna endurskoðendasambandsins (NRF). Nefndin sem Krístrún á sæti í nefnist International Accounting Education Standards Board (IAESB) og er menntunarnefnd IFAC. Krístrún er fyrsti Íslendingurinn til að sitja í nefnd á vegum IFAC, en hingað til hafa hin Norðurlöndin skipst á að skipa menn, fyrir hönd NRF, í nefndir samtakanna.

Henni til aðstoðar sem tæknilegur ráðgjafi er Anette Hedbern frá Svíþjóð en hún vinnur fyrir IREV, menntunarstofnun sem rekin er af félagi endurskoðenda í Svíþjóð. Anette er fyrrverandi partner hjá BDO í Svíþjóð.

IAESB er ein af undirnefndum IFAC og er verkefni hennar að setja staðla og leiðbeiningar um menntun fagfólks í reikningshaldi (*professional accountants*) en með því er átt við endurskoðendur og reikningshaldssérfræðinga. IAESB styður þannig IFAC í að ná takmarki sínu sem er að þróa og auka gæði reikningshaldsfagsins (*accountancy profession*) á heimsvísu með því að setja samræmda staðla sem eiga að stuðla að stöðugri hágæðareikningshaldsþjónustu í þágu almannahagsmuna.

IAESB setur staðla um menntun endurskoðenda og reikningshaldara, *International Educational Standards* (IES), og gefur einnig út leiðbeinandi reglur um hvernig á að innleiða staðlana, *International Educational Practice Statements* (IEPS).

IAESB hefur nú þegar sett 8 staðla um menntun endurskoðenda og reikningshaldara. IES 1-6 fjalla um menntun fyrir löggildingu (*pre-qualification*). IES 7 fjallar um símenntun endurskoðenda og reikningshaldara (*Continuing Professional Development* - CPD). IES 8 er fyrir þá



Krístrún Helga Ingólfssdóttir, fulltrúi NRF í IAESB

sem sérhæfa sig í endurskoðun, þ.e. löggilta endurskoðendur og á bæði við um menntun fyrir löggildingu og símenntun. IES 8 tekur gildi í janúar 2008. IES 1-6 tóku gildi í janúar 2005 og IES 7 tók gildi í janúar 2006.

Staðlar settir af IAESB og öðrum undirnefndum IFAC eru settir fyrir aðildarfélög IFAC og ber aðildarfélögunum skylda til að sjá til þess að staðlarnir séu innleiddir og að þeirra félagsmenn framfylgi þeim. IAESB vinnur því fyrir aðildarfélögin og félagsmenn þeirra.

Vandamálið sem aðildarfélög IFAC standa frammi fyrir þegar kemur að því að innleiða og tryggja framfylgni menntunaraðlanna er að þeim er framfylgt af mörgum aðilum, s.s. háskólum, aðildarfélögum IFAC og þeirra mennta- stofnunum, hinu opinbera, endurskoðunarfyrtækjum og öðrum fyrirtækjum sem eru með reikningshaldara í starfsþjálfun. Í sumum tilvikum hafa aðildarfélögin enga lögsögu yfir viðkomandi aðilum. Einnig hafa mörg aðildarfélög IFAC leyft aðgang lögfræðinga, bókara og fleiri að félögum sínum. Þannig er mjög erfitt að skilgreina fyrir hverja IAESB er að vinna og fyrir hverja staðlarnir eru. IAESB þarf í störfum sínum að taka tillit til hverjir eru félagsmenn í aðildarfélögum IFAC.

FLE á Íslandi er eina aðildarfélagið að IFAC og aðeins löggiltir endurskoðendur eru félagsmenn í FLE þannig að reikningshaldssérfræðingar á Íslandi eru þeir sem hafa hlotið löggildingu í endurskoðun. Í mörgum öðrum löndum

EFNI BLAÐSINS

IFAC – menntunarnefnd	1
Fráteknar dagsetningar	3
Af stjórnarboði	4
Aðalfundur Félags löggiltra endurskoðenda 2007	5
Til hamingju með afmælið – árið 2008	13
Stjórn og nefndir 2007–2008	14
Úfin og ógreiðfær leið	15
Forpokastréki á landsbyggðinni	16
Opnunartími skrifstofu FLE	17
Ekki kallaður fyrir dómara	18
Tilkynning til félagsmanna FLE	19
Að reka smiðshöggið	19
Skattadagur FLE	20
Endurskoðunardagur FLE	21
Reikningsskiladagur FLE	21
Haustráðstefna FLE	22
Skattadagur FLE	23
Nýir félagar árið 2008	24
Löggildingarpróf	24
Afhending löggildingarskírteina í byrjun árs 2008	25
GOLFannáll	26



hefur þróunin orðið sú að bjóða einnig uppá löggildingu í reikningshaldi sérstaklega og einnig kostnaðarbókhaldi. Síðan er það misjafnt eftir löndum hvort þessar fagstéttir eru í sama fagfélaginu eða hvort til sé sér félag löggiltra endurskoðenda og sér félag reikningshaldssérfræðinga. Í þeim löndum þar sem þessar fagstéttir hafa kosið að vera ekki í sama fagfélagi hefur oft myndast togstreita á milli félaganna.

Staðlarnir taka ekki á því á hvaða skólastigum menntun endurskoðenda á að fara fram eða hver annast menntunina og er það mismunandi eftir löndum. Í sumum löndum sjá háskólar um menntun fyrir löggildingu eins og er hér á landi en í öðrum eins og Bretlandi eru það fyrirtækin og í enn öðrum löndum t.a.m. Kanada og Svíþjóð eru það aðildarfélögin en þá að undan-gengnu háskólanámi í viðskiptafræðum.

Staðall IES 1 fjallar um kröfur sem gerðar eru til viðkomandi áður en nám hefst eða *Entry Requirements to a Program of Professional Accounting Education*, IES 2 fjallar um hvaða efni námið á að innihalda eða *Content of a Professional Education Programs*, IES 3 fjallar um hvaða hæfileika er krafist, *Professional Skills*, IES 4 fjallar um kröfur til siðferðis, gilda og framkomu, *Professional Ethics, Values and Attitude*.

IES 5 fjallar um kröfur sem gerðar eru til starfsþjálfunar endurskoðenda og reikningshaldara, *Practical Experience Requirements*. Kröfur til starfsþjálfunar eru einnig mismunandi eftir löndum t.d. gera einstaka fylki í Bandaríkjunum engar kröfur um starfsþjálfun ásamt öllum löndum Suður Ameríku og uppfylla þau því ekki kröfur IES 5.

Löggildingin sjálf er í sumum löndum framkvæmd af hinu opinbera eins og hér á landi en í öðrum löndum eru það aðildarfélögin sem sjá um löggildinguna og í enn öðrum löndum svo sem í öllum löndum Suður Ameríku sjá háskólar um hana. IES 6 fjallar um kröfur sem gerðar eru til löggildingar eða viðurkenningar, *Assessment of Professional Capabilities and Competence*.

Í IAESB sitja 17 aðilar sem hafa atkvæðarétt og eru fulltrúar hinna ýmsu hagsmunaaðila. Hver og einn þeirra hefur tæknilegan ráðgjafa sem sitja fundina og hafa fullt frelsi til að taka þátt í umræðum en ekki atkvæðisrétt. Í nefnd-

inni sitja fulltrúar fjögurra stóru endurskoðunar-fyrirtækjanna, fulltrúar einstaka aðildarfélaga, fulltrúar reikningshaldssérfræðinga sem starfa hjá fyrirtækjum sem ekki eru endurskoðenda-fyrirtæki, fulltrúar almannahagsmuna og fulltrúar menntastofnana. Til viðbótar við nefndarmenn og tæknilega ráðgjafa sitja fundina fulltrúar nokkurra nefnda sem ætlað er að hafa eftirlit með störfum IAESB ásamt starfsmanni IAESB og framkvæmdastjóra IFAC.

Nefndarmenn eru kosnir til þriggja ára í senn og setur nefndin sér starfsáætlun fyrir hvert þriggja ára tímabil. Starfsáætlun fyrir 2007-2009, *IAESB Strategic and Operation Plan 2007-2009* er hægt að nálgast á heimasíðu IFAC, www.ifac.org. Nefndin hittist þrisvar á ári og fundar í þrjá daga í senn og á fjórða degi taka nefndarmenn þátt í ráðstefnu um menntun endurskoðenda og reikningshaldssérfræðinga sem haldin er af aðildarfélögum IFAC þess lands þar sem fundir eru haldnir í hverju sinni. Er þetta fyrirkomulag bæði fyrir IAESB til að kynna störf nefndarinnar fyrir aðildarfélögum og einnig fyrir aðildarfélög til að kynna fyrir IAESB nefndarmönnum hvernig menntunarmálum er háttað í viðkomandi landi.

Á árinu 2007 fundaði nefndin í New York í febrúar, í Prag í júní og í Peking í Október.

Mikið eftirlit er haft með störfum nefndarinnar sem meðal annars er framkvæmt af *Public Interest Oversight Board* (PIOB), en í henni sitja fulltrúar banka, tryggingafélaga, Alþjóðabankans og fleiri félaga.

Fundir nefndarinnar eru mjög lýðræðislegir og ekki of formlegir. Allir geta tekið til máls og er auðvelt að koma sínum skoðunum á framfæri. Þó nefndarmenn komi víðsvegar að úr heiminum þá er meirihluti nefndarmanna frá Evrópu og Bandaríkjunum og stór hluti er frá enskumælandi löndum og það er óneitanlega auðveldara fyrir þá sem tala flotta ensku að láta rödd sína heyrast en þeirra sem tala ekki eins fullkomið mál.

Á árinu 2007 samþykkti nefndin endanlega útgáfu á þremur leiðbeinandi reglum, *International Educational Practice Statements* (IEPS), en þeim er ætlað að hjálpa til við að innleiða menntunarstaðlana. Nefndin sendir fyrst frá sér drög, *exposure draft*, og kallar eftir viðbrögðum við þeim. Eftir yfirferð á ábendingum sem bárust

nefndinni voru leiðbeinandi reglur um menntun í upplýsingatækni, leiðbeinandi reglur um menntun í siðfræði og leiðbeinandi reglur um starfsþjálfun samþykktar til endanlegrar birtingar.

Til viðbótar gaf nefndin út geisladisk með efni sem nýst getur við kennslu í siðfræði og gildum endurskoðenda og er mjög gagnlegt. Þeir sem áhuga hafa á að nálgast þennan disk geta sótt efnið á heimasíðu IFAC www.ifac.org eða með því að hafa samband við Krístrúnu.

IES 7 fjallar um símenntun. Staðallinn krefst þess að símenntun sé staðfest með *input based* aðferðum með því að mæla það sem gert er eða með *output based* aðferðum þar sem árangurinn er metinn. Einnig er hægt að hafa sambland af báðum aðferðum. Þar sem lítil reynsla og þekking er á *output based* aðferðum við að mæla endurmenntun hefur IAESB fengið til liðs við sig rannsóknarfyrirtæki til að vinna rannsókn á aðferðum við að mæla endurmenntun. Drög að skýrslu með niðurstöðum þessara rannsókna var kynnt nefndinni á fundi hennar í október. Í byrjun árs 2008 er áætlað að skýrslan verði birt en henni er ætlað að aðstoða aðildarfélög IFAC og aðra sem koma að því að meta eða mæla símenntun.

Meðal annars var rannsakað hvernig hin ýmsu fagfélög víða um heim eru að mæla endurmenntun og í skýrslunni kemur fram að mörg félög hafa farið þá leið að setja upp kerfi þar sem aðilar framkvæma nokkurskonar sjálfsmat með því að skrá niður og meta allt sem kemur að endurmenntun s.s. áætlun um endurmenntun, markmið með endurmenntun, hvað var gert til að ná markmiðum, t.d. lestur o.fl. Síðan er framkvæmd endurskoðun á sjálfsmatinu með reglubundnum hætti.

Nú liggur fyrir nefndinni að endurskoða þann hugtakaramma sem hún vinnur eftir. Við þessa vinnu er mikilvægt fyrir nefndina að fá viðhorf sem flestra. Hingað til hefur nefndin leitað eftir áliti hagsmunaaðila með því að birta drög að því efni sem hún er að vinna að sem *Exposure draft* en það hefur ekki skilað nægjanlega góðum árangri þar sem aðeins 15 – 20 svör berast þrátt fyrir að 40.000 aðilar fái drögin send til sín beint. Það þarf þó að taka tillit til þess að á bakvið hvert svar er oft stór hópur hagsmunaaðila. Til að afla upplýsinga um viðhorf sem



flestra hagsmunaaðila hefur nefndin látið senda út könnun í formi krossaspurninga.

Til viðbótar verða tekin viðtöl við hina ýmsu hópa, eins og reikningshaldssérfræðinga, löggilta endurskoðendur, háskóla, fyrirtæki, opinbera aðila og aðra hagsmunaaðila.

Eitt af mikilvægustu verkefnum við endurskoðun á hugtakarammanum er skilgreining á orðinu *professional accountant*. IFAC og undirnefndir vinna ekki aðeins fyrir endurskoðendur heldur alla reikningshaldssérfræðinga, en sem stendur er það hugtak skilgreint sem „sá sem er aðili að aðildarfélagi IFAC“ en í sumum löndum geta þetta verið löggildingar, bókarar og ýmsir aðrir. Mikilvægt er að skýrt sé fyrir hverja nefndin er að setja staðla en eins og staðan er í dag er það mjög óskýrt.

Annað vandamál nefndarinnar, sem taka þarf fyrir við endurskoðun á hugtakarammanum, er að hún þarf að gæta hagsmuna allra aðildarfélaga í heiminum og að staða menntunar er mjög misjöfn eftir löndum og stendur nefndin því frammi fyrir því hvort hún eigi að auka gæði hjá þeim ríkjum sem lengst eru komin eða hvort hún eigi að einbeita sér að því að ná gæðum annarra ríkja á sambærilegt stig og hjá þróaðri ríkjum. Hættan sem af þessu stafar er að nefndin setji staðla sem gagnast engum, þ.e. eru ekki nægjanlega kröfuharðir fyrir þróuð ríki og of kröfuharðir fyrir vanþróuð ríki.

Eins og fram hefur komið þá ná staðlar IFAC ekki aðeins yfir endurskoðendur heldur einnig reikningshaldssérfræðinga sem hlotið hafa löggilding. Í mörgum löndum eru fleiri en eitt aðildarfélag að IFAC þar sem t.d. í einu félaginu eru löggiltir endurskoðendur, í öðru eru reikningshaldssérfræðingar og í því þriðja sérfræðingar í kostnaðarbókhalddi. Í öðrum löndum eru endurskoðendur og reikningshaldssérfræðingar í sama félaginu. Mikilvægt er fyrir FLE að skoða þessa þróun og íhuga hvort það vilji vera fyrra til að koma á fót stétt viðurkenndra reikningshaldara. Eins og er má segja að sú stétt sé ekki til hér á landi. Kæmi til greina að bjóða viðurkenndum reikningshöldurum inngöngu í FLE eða að hér verði tvö félög; félag viðurkenndra reikningshaldara og félag löggiltra endurskoðenda. Í þeim löndum sem hafa þessa aðila í sitt-hvoru félaginu hefur sumstaðar skapast ágrein-

ingur milli félaganna. Einnig hefur þróunin verið sú í sumum löndum að félag reikningshaldara hefur gert meiri kröfur til menntunar sinna manna en félag löggiltra endurskoðenda.

Sem fulltrúi Norðurlandanna í IAESB hefur Krístrún með aðstoð tæknilegs ráðgjafa reynt að ná fram sjónarhornum sem flestra á Norðurlöndunum með því að hafa samband við menntunarnefndir aðildarfélaganna sem og einstaka endurskoðendur og fá fram skoðanir þeirra.

Eftir eitt ár í nefndinni er hún orðin margs vísari um tilgang og störf nefndarinnar og hún hlakkar til að takast á við verkefni næstu tveggja ára.

Krístrún hvetur alla þá sem hafa áhuga á því að tjá sig um þau málefni sem menntunarnefnd IFAC er að vinna að og koma skoðunum sínum á framfæri við nefndina að hafa samband við hana svo og ef þeir vilja frá frekari upplýsingar um störf IAESB.

Fráteknar dagsetningar

- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 9. janúar 2008 kl. 12
- Námskeið um reikningshaldslega meðferð afleiðusamninga, Grand Hótel fimmtudagur 10. janúar 2008
- Skattadagur FLE, Grand Hótel föstudagur 11. janúar 2008
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 6. febrúar 2008 kl. 12
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 5. mars 2008 kl. 12
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 2. apríl 2008 kl. 12
- Námskeið, Grand Hótel fimmtudagur 17. apríl 2008
- Endurskoðunardagur FLE, Grand Hótel föstudagur 18. apríl 2008
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 7. maí 2008 kl. 12
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 4. júní 2008 kl. 12
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 3. september 2008 kl. 12
- Námskeið, Grand Hótel fimmtudagur 18. september 2008
- Reikningsskiladagur FLE, Grand Hótel föstudagur 19. september 2008.
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 1. október 2008 kl. 12
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 5. nóvember 2008 kl. 12
- Námskeið, Grand Hótel, fimmtudagur 13. nóvember 2008
- Hausráðstefna FLE, Grand Hótel föstudagur 14. nóvember 2008
- Aðalfundur FLE, Grand Hótel föstudagur 14. nóvember 2008
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 3. desember 2008 kl. 12



Margret G.
Flóvenz
formaður FLE

Af stjórnarborði

Aðalfundur félagsins var haldinn þann 16. nóvember sl. Dagskrá fundarins var með hefðbundnu sniði. Faglegur framkvæmdastjóri og formaður félagsins fluttu yfirlit yfir starfsemina ásamt formönnum fastanefnda, lagður var fyrir ársreikningur félagsins og námsstyrkjasjóðs og kosid í stjórn og nefndir. Úr stjórn gengu að þessu sinni Lárus Finnbogason fráfarandi formaður, Ómar Björnsson, sem lagt hefur félaginu ómælt lið í stjórn og nefndum í heilan áratug og Ásbjörn Björnsson sem setið hafði í stjórninni í eitt ár. María Sólbergadóttir situr áfram í stjórninni næsta starfsár ásamt Margreti G. Flóvenz, sem nú var kjörin formaður félagsins. Nýir stjórnarmenn eru Jóhann Unnsteinsson, sem kjörinn var varaformaður, Knútur Þórhallsson og Þórir Ólafsson. Stjórnin hefur skipt með sér verkum og er Knútur gjaldkeri og María ritari.

Starfsárið framundan

Margvisleg verkefni liggja fyrir stjórn, nefndum og starfsmönnum félagsins á næstu mánuðum. Skrifstofa félagsins hefur nú verið flutt í ný-uppgert og bjart húsnæði. Ekki var þó flutt um langan veg heldur úr vesturhluta í austurhluta 5. hæðar hússins við Suðurlandsbraut 6. Húsnæðið er svipað að stærð og það sem fyrir var en aðstaða öll þó betri.

Fastanefndir félagsins hafa gert starfsáætlanir fyrir árið og kynnt stjórninni. Sú venja hefur verið um nokkurra ára skeið að viðkomandi fagnefndir annast skipulag og undirbúning ráðstefna sem tengjast þeirra fagi. Skattanefnd hafði veg og vanda að skattadeginum sem haldinn var nú nýverið og tókst í alla stað hið besta. Endurskoðunarnefnd vinnur að undirbúningi endurskoðunardagsins sem haldinn verður þann 18. apríl og reikningsskilanefndin mun annast reikningsskiladaginn sem ráðgerður er þann 19.

september. Haustráðstefna ársins sem haldin verður í tengslum við aðalfund félagsins í nóvember er í umsjá menntunarnefndar sem fyrr. Þetta fyrirkomulag hefur reynst mjög vel.

Ráðstefnum félagsins hefur nú um nokkur skeið verið varpað út til félagsmanna sem búa og starfa fjarri höfuðborginni með svokölluðum fjarfundabúnaði og hefur yfirleitt verið ánægja með það fyrirkomulag. Allnokkur kostnaður fylgir þessum útsendingum og því nauðsynlegt að lágmarksfjöldi nýti sér þær hverju sinni.

Í byrjun september mun FEE, Evrópusamband endurskoðenda, standa fyrir ráðstefnu í Kaupmannahöfn tengda endurskoðun minni og meðalstórra félaga (SME). Norræna endurskoðendasambandið, NRF, annast skipulag og undirbúning ráðstefnunnar og eru félagsmenn norrænu endurskoðendafélaganna eindregið hvattir til þátttöku. Ekki verður um formlega ferð á ráðstefnuna á vegum FLE að ræða en félagið mun þó kappkosta að miðla upplýsingum til félagsmanna þegar dagskrá og annað fyrirkomulag liggur fyrir. Þessi ráðstefna er kjörið tækifæri fyrir félagsmenn til að hitta evrópsk starfssystkini og fræðast um það sem efst er á baugi við endurskoðun smærri fyrirtækja.

Á síðasta starfsári skipaði stjórn félagsins tvær nefndir til sérstakra verkefna. Annars vegar var skipuð síðanefnd sem hefur það hlutverk að semja síðareglur fyrir félagið sem grundvallast á síðareglum IFAC. Reglur IFAC hafa verið þýddar en mikil vinna hvílir á nefndinni við yfirferð þýðingarinnar m.a. til að tryggja samræmi og gagnsæi í orðalagi. Stefnir er að því að tillögur nefndarinnar verði kynntar félagsmönnum síðar á starfsárinu og vonandi lagðar fram til samþykktar á næsta aðalfundi.

Afmælisnefnd var einnig skipuð í tilefni að því að á árinu 2010 verður félagið 75 ára. Nefndin hefur tekið til starfa af krafti og standa vonir til þess að afmælisins verði minnst með veglegum hætti.

Ný lög um endurskoðendur

Eins og margoft hefur komið fram standa fyrir dyrum talsverðar breytingar á lögum um endurskoðendur í kjölfar 8. félagatilskipunar Evrópusambandsins sem fjallar um endurskoðun. Starfshópur fjármálaráðuneytisins sem vinnur að gerð tillagna um innleiðingu tilskipunarinnar kynnti helstu tillögur sínar fyrir félagsmönnum á hádegisfundi í janúar.

Ef tillögur hópsins ná fram að ganga mun öllum endurskoðendum með gild réttindi vera skylt að vera aðilar að FLE. Sú breyting sem slík myndi að líkindum ekki breyta fjölda félagsmanna mikið þar sem hingað til hefur mátt telja íslenska endurskoðendur utan FLE á fingrum sér. Á hinn bóginn getur breytingin þýtt að starfsemi félagsins þurfi að fara fram í tveimur deildum þar sem önnur sinni lögboðnum skyldum tengdum endurskoðendum með full réttindi en að annar hluti starfseminnar færi fram í sérstakri félagsdeild þar sem allir þeir sem fengið hafa löggildingu sem endurskoðendur ættu aðgang að hvort sem viðkomandi hafi réttindi sín í gildi eða ekki. Þetta er meðal þeirra verkefna sem félagið þarf að leysa á næstu mánuðum og misserum.

Við innleiðingu tilskipunarinnar verður einungis endurskoðendum heimilt að annast lögboðna endurskoðun og því nauðsynlegt að gerðar verði breytingar á ársreikningalögum þar sem ákvæði um skoðunarmenn falla út. Í því samhengi þarf að taka afstöðu til þess hvort endurskoðunarskyldan eigi áfram að hvíla á öllum félögum óháð stærð þeirra, eins og nú er eða hvort sett verði einhver stærðarmörk. Slík mörk hafa víða verið sett og mikil umræða hefur farið fram í flestum ríkjum Evrópu. Starfshópi um innleiðingu tilskipunarinnar er ekki ætlað að koma með tillögu hvað þetta varðar en nauðsynlegt er að FLE taki afstöðu til þess hvort setja skuli slík mörk og hver þau skuli þá vera.





Aðalfundur Félags löggiltra endurskoðenda 2007

Aðalfundur Félags löggiltra endurskoðenda var haldinn á Grand Hótel Reykjavík föstudaginn 16. nóvember 2007. Á fundinum flutti Gunnar Sigurðsson faglegur framkvæmdastjóri FLE, skýrslu um fagleg málefni auk þess sem fram fóru hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt tölulíðum 1-19 í 18. gr. samþykktu FLE.

Setning aðalfundar, kosning fundarstjóra og umfjöllun um fagleg málefni

Lárus Finnbogason formaður FLE setti fundinn. Helga Harðardóttir var kosin fundarstjóri og María Sólbergdóttir ritari. Helga tók við fundarstjórninni og formleg dagskrá hófst.

Skýrsla faglegs framkvæmdastjóra

Gunnar Sigurðsson, faglegur framkvæmdastjóri FLE flutti yfirlit um störf á vegum félagsins á árinu:

Fundur með ríkisskattstjóra í janúar 2008

Í byrjun ársins var haldinn hefðbundinn fundur með ríkisskattstjóra ásamt fulltrúa skattanefnd-

ar og stjórnar FLE, en þar voru rædd ýmis mál varðandi samskipti félagsmanna við ríkisskattstjóra og skattstofur, framtalsfresti o.fl. Fundarmenn voru sammála um mikilvægi þessa fundar og er næsti fundur áætlaður í byrjun árs 2008. Félagsmenn voru kvattir til að koma ábendingum sínum ef einhverjar væru til skattanefndar eða félagsins.

Fundir Norræna endurskoðendasambandsins (NRF)

Formaður og faglegur framkvæmdastjóri FLE sóttu fund sambandsins í janúar og aðalfund ágúst sl.. Fundarefni voru margvísleg, m.a. var gengið frá tilnefningum sameiginlegra fulltrúa norðurlandanna í nefndir og stjórnir FEE og IFAC og í fyrsta sinn var tilnefndur fulltrúi frá Íslandi, Krístrún Helga Ingólfssdóttir, sem síðar var skipuð í menntunarnefnd IFAC. Þá var ákveðið að bjóða stjórn IFAC af halda fund hér á landi og fór hann fram í júní sl. Einng var á fundunum rætt um fyrirhugaða ráðstefnu FEE og NRF í Kaupmannahöfn 3.-5. september 2008 og skipuð undirbúningsnefnd fyrir fundinn, sem fulltrúi FLE á aðild að.



Fundarritari aðalfundar FLE, María Sólbergdóttir endurskoðandi.



Fundarstjóri aðalfundar FLE, Helga Harðardóttir endurskoðandi hjá KPMG hf.

Fundur Norræna endurskoðunarnefndarinnar (NRK)

Fundur nefndarinnar fór fram hér á landi í ágúst sl. Þessi nefnd var stofnuð á árinu 1974, en megintilgangur hennar var að stuðla að samræmingu endurskoðunaraðferða á Norðurlöndunum, m.a. með útgáfu norrænna endurskoðunarstaðla. Fyrstu staðlar um endurskoðun sem samþykktir voru hér á landi voru byggðir á vinnu nefndarinnar. Nokkuð er síðan að slíki útgáfu var hætt, þ.e. eftir að FEE og síðar IFAC fóru að gefa út alþjóðlega staðla á þessu sviði. Umræður á fundinum voru því einkum um afmörkuð viðfangsefni í hverju landi fyrir sig, t.d. um verklag við þýðingu á nýjum alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, áritanir og margs konar staðfestingar endurskoðenda, peningaþvætti og framtíðarverkefni nefndarinnar.

Gæðaeftirlit FLE

Störf við gæðaeftirlit á árinu 2007 hófst í byrjun september sl. Ákveðið var í samráði við gæðanefnd að hafa eftirlitið að mestu óbreytt frá fyrra ári. Leitað var eins og áður til stærri endurskoðunarframtækja með reynslu úr innahúss gæða-

Endurmenntun

Á síðasta starfsári var tekin upp sú nýbreytni að haldin voru námskeið af ýmsu tagi daginn fyrir reglubundnar ráðstefnur félagsins. Þessi námskeið voru mjög fjölsótt og virðist þessi háttur henta félagsmönnum vel. Það er því ráðgert að félagið standi einnig fyrir slíkum námskeiðum á þessu starfsári og lagt verður kapp á að velja efni sem hentar sem flestum.

Af framansögðu má vera ljóst að margvísleg og áhugaverð verkefni eru framundan hjá félaginu. Félagsmönnum eru sendar bestu óskir um farsæld á nýju ári í starfi og leik.



Fjöldmenn var á aðalfundi FLE.

eftirliti um tilnefningu gæðaeftirlitsmanna. Að þessu sinni munu 35 endurskoðendur sæta gæðaeftirliti, sem fer fram nú aðallega í nóvember og desember á þessu ári og lýkur væntalega snemma á næsta ári.

8. félagatilskipun ESB um lögbundna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga

Skipuð var nefnd af Fjármálaráðuneytinu til undirbúnings lagasetningar til innleiðingar á félagatilskipuninni hér á landi í maí 2006, en fjórir fulltrúar FLE taka þátt í störfum nefndarinnar. Drög að nýjum lögum um endurskoðendur verður væntanlega kynnt á fyrri hluta næsta árs. Lögin munu líklega endurspeglar ýmsar breytingar á starfi og starfsumhverfi endurskoðenda hér á landi líkt og í öðrum löndum ESB og EES.

Helstu breytingar vegna innleiðingar á 8. tilskipuninni eru að einungis viðurkenndir endurskoðendur eða endurskoðunarfyrtækja mega annast lögböðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga. Frjálsari ákvæði eru um eigendur og stjórnendur endurskoðunarfyrtækja, sem felur í sér að endurskoðunarfyrtækja getur verið í eigu og verið stjórnað af erlendum endurskoðendum. Auknar kröfur um þagnarskyldu, siðareglur, óhæði, notkun alþjóðlegra endurskoðunarstaðla við endurskoðun, gæðaeftirlit ásamt reglum um rannsóknir og sviptingu endurskoðunarréttinda.

Einnig að fyrirtækja sem varða hagsmuni almennings, þ.m.t. skráð fyrirtækja á opinberum markaði, fjármálafyrirtækja og tryggingarfélag,

eiga að hafa sérstaka endurskoðunarnefnd, sem m.a. er ætlað að hafa eftirlit með endurskoðendum fyrirtækjanna, óhæði þeirra og framgangi endurskoðunarinnar.

Ennfremur er krafa um opinbert eftirlit með endurskoðendum og skráningu þeirra. Þessu opinbera eftirliti er ætlað að vinna með og skiptast á upplýsingum við samsvarandi eftirlit í öðrum löndum innan ESB og EES og utan þess t.d. við PCAOB í BNA.

Þá er gert ráð fyrir að ESB muni á næstu árum setja nánari reglur um kröfur til prófa sem veita endurskoðunarréttindi, um siðareglur og óhæði, um áritanir endurskoðenda og framkvæmd gæðaeftirlits með endurskoðendum. Jafnframt má búast við nýjum reglum varðandi skaðabótaábyrgð endurskoðenda og hugsanlega takmörkun hennar.

Umræður endurskoðenda á hinum Norðurlöndum um málefni stéttarinnar

Samhliða umræðum tengdum innleiðingu á 8. félagatilskipuninni hafa endurskoðendur á hinum Norðurlöndum rætt stöðu og horfur varðandi starfsvettvang endurskoðenda, þróun og vöxt endurskoðunarfyrtækja og skipulag og uppbyggingu fagfélaga endurskoðenda. Umræður hafa m.a. beinst að eftirfarandi:

Áhrif niðurfellingar endurskoðunarskyldu á minni og meðalstórum fyrirtækjum

Endurskoðunarskylda á minni fyrirtækjum hefur verið felld niður í mörgum löndum innan ESB.

Í Danmörku og Finnlandi er búið að fella þessa skyldu niður í minnstu fyrirtækjunum og umræður eru í gangi í Svíþjóð og Noregi um saman efni. Í ESB eru einnig í gangi umræður um að hækka viðmiðunarmörk varðandi endurskoðunarskylduna það mikið að flest fyrirtækja á Norðurlöndum verði undanþegin þessari skyldu.

Þrátt fyrir þetta er reiknað með að endurskoðun verði áfram framkvæmd í flestum fyrirtækjum, því lánveitendur, bankar, starfsfólk og ýmsir aðrir aðilar geri oft kröfur um endurskoðuð reikningsskil vegna viðskipta við fyrirtækja. Því er líklegt að þessi krafa um niðurfellingu endurskoðunarskyldu hafi ekki eins mikil áhrif og vænta mætti. Þau fyrirtækja sem kjósa að nýta sér ákvæðin um niðurfellingu endurskoðunar, munu væntanlega hafa áfram þörf fyrir annars konar þjónustu endurskoðenda, svo sem við reikningsskilagerð og skattframtöl og aðra ráðgjafþjónustu endurskoðenda eins og hingað til.

Þróun endurskoðunarfyrtækja

Í Danmörku er gert ráð fyrir að minni endurskoðunarfyrtækjum með 1 til 4 löggilta endurskoðendur fækki á næstu árum. Orsakir þess eru m.a. að meðalaldur eigenda þessara fyrirtækja er í dag um 55 ár og þeir standi því frammi fyrir endurnýjun á sínum eindahópi eigi fyrirtækja að halda áfram rekstri. Á sama tíma hafa þeir átt í erfiðleikum með að fá hæft yngra fólk til starfa hjá sér, því hæfir einstaklingar leiti frekar til stærri endurskoðunarfyrtækja, sem geti boðið upp á breiðari valmöguleika varðandi starfsframa, endurmenntun o.fl.

Jafnframt eru sífellt gerðar auknar kröfur til starfa endurskoðenda, eins og fram kemur í 8. tilskipun ESB, m.a. varðandi gæðaeftirlit og notkun á alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum. Þessar kröfur eru taldar muni reynast minni endurskoðunarfyrtækjum erfiðar í framkvæmd.

Það er því líklegt að minni endurskoðunarfyrtækja verði keypt og sameinuð öðrum fyrirtækjum eða þau hætti starfsemi á annan hátt. Stærsti hluti starfsfólks og viðskiptavina þeirra verði yfirtekinn af hinum fjóru stóru eða meðalstóru endurskoðunarfyrtækjum, líklega þeirra fyrirtækja sem eru meðal 10 stærstu endurskoðunarfyrtækja í Danmörku.

Vöxtur endurskoðunarfyrirtækja

Á hinum Norðurlöndunum er talað um að endurskoðunarfyrirtæki geti ekki aukið umsvif sín verulega á sviði lögboðinnar endurskoðunar. Nauðsynlegir vaxtamöguleikar, sem taldir eru forsenda þess að hæfustu einstaklingarnir leggja starfið fyrir sig, munu því að verulegu leyti koma frá annars konar þjónustu en endurskoðun, og er þá átt við skattaráðgjöf og annarrar hliðstæðrar þjónustu og almennum og sérhæfðum ráðgjafastörfum.

Bæði hér á landi og á hinum Norðurlöndunum hefur borið á skorti nýliðunar á hæfum endurskoðunarnemum, eða þeir horfið að öðrum störfum að loknu námi eða starfsþjálfun og löggildingu til annarra fyrirtækja, sérstaklega fjármálastofnana eða annarra stærri fyrirtækja sem hafa þörf á kunnáttu endurskoðenda, m.a. á sviði alþjóðlegra reikningskilastaðla eða skattamála. Einnig hafa löggildir endurskoðendur með mikla reynslu og jafnvel eigendur endurskoðunarfyrirtækja horfið frá þeim með sama hætti.

Þessi staða kallar á að teknar verði til nákvæmar skoðunar ástæður þess að þessi staða er komin upp í endurskoðunarstéttinni.

Er ímynd endurskoðenda nægilega góð gagnvart þeim sem eru að velja sér starfsvettvang?

Er endurskoðunarnámið innan háskólanna þannig byggt upp að það sé áhugavert fyrir ungt fólk?

Er sá tími sem námið í háskólum, starfsþjálfun og verklega prófið tekur of langur miðað við



Lárus Finnbogason fráfarandi formaður FLE afhendir nýjum formanni Margreti G. Flóvenz formannakeðju FLE.



Lárus Finnbogason fráfarandi formaður FLE, Margret G. Flóvenz formaður FLE, Ómar H. Björnsson og Ásbjörn Björnsson.

aðrar starfsgreinar? Hvernig er hægt að bregðast við því?

Geta endurskoðunarfyrirtækin boðið upp á nægilega áhugaverða störf, gott starfs-umhverfi, eðlilegan starfsframgang og samkeppnisfær laun?

Eru eigendalaun á endurskoðunarfyrirtækjum samkeppnisfær við laun sem í boði eru á markaðinum?

Hefur samkeppni endurskoðunarfyrirtækja um stærri fyrirtækja leitt til lægri þóknana en eðlilegt má telja?

Hafa lægri þóknarnir leitt til aukinnar áhættu við endurskoðunina vegna samdráttar í umfangi endurskoðunarinnar?

Félög löggiltra endurskoðenda á Norðurlöndum

Talsverðar breytingar hafa átt sér stað á skipulagi og uppbyggingu félaga endurskoðenda á hinum Norðurlöndunum. Þannig hafa félög skráðra endurskoðenda í Noregi og Svíþjóð sameinast félögum löggiltra endurskoðenda í þeim löndum. Umræður eru jafnframt í gangi í Danmörku og Finnlandi um sameiningu sömu félaga þar. Í Svíþjóð er einnig fyrirhugað að veita félagi skráðra bókara og bókhaldsstofa aðgang að félaginu. Tilgangur þessara sameininga er að sameina í einu félagi þær starfsstéttir sem veita þjónustu á sviði endurskoðunar, reiknings-skila, skattamála, bókhalds og ráðgjafar. Auka faglega hæfni á hverju sviði og vera talsmenn gagnvart opinberum aðilum, t.d. löggjafarvaldinu og skattayfirvöldum, þannig að heildaráhrif starfstéttanna verði meiri þegar þær eru sam-

einaðar en væri ef hver væri út af fyrir sig. Einnig fylgir þessu fyrirkomulagi hagræðing í rekstri og aukinn slagkraftur í félagsstarfi, símenntun o.fl. Innra skipulag sameinaðs félags verður að líkindum skipt í svið eftir starfsvettvangi félagsanna með sameiginlegri stjórn sem nær yfir öll sviðin.

Breytingar munu væntanlega einnig eiga sér stað í okkar félagi á næstu árum. Líklegt er að innleiðing á 8. félagatilskipun ESB muni kalla á nýjar skyldur félagsins og eftirlitshlutverk þess.

Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri fékk leyfi fundarins til að taka lið 4+5 saman.

Lárus Finnbogason formaður bað fundarmenn um að teygja úr sér. Að því loknu flutti hann skýrslu stjórnar:

Ágætu félagsmenn. Ég mun hér á eftir fara yfir nokkur atriði úr starfsemi félagsins og helstu verk stjórnar á liðnu starfsári.

Stjórn félagsins á því starfsári sem nú er að ljúka var þannig skipuð: Formaður Lárus Finnbogason, varaformaður Margret G. Flóvenz, gjaldkeri Ómar H. Björnsson, ritari María Sólbergisdóttir og meðstjórnandi Ásbjörn Björnsson. Á þessum fundi munu ganga úr stjórn þeir Lárus, Ómar og Ásbjörn.

Líkt og á undanförunum árum funduðu formaður og varaformaður, ásamt framkvæmdastjórn félagsins með fastanefndum fyrir fyrsta formlega stjórnarfund til þess að fara yfir verkefni nefndanna á komandi starfsári, en það hversu öflugt starf félagsins er hverju sinni ræðst mjög af því hversu kraftmikið starf nefndanna er.



Margret G. Flóvenz formaður FLE og Vignir Rafn Gíslason endurskoðandi hjá PwC.

Nokkur áhersluatriði fagnefnda á liðnu starfsári, auk hefðbundinni verkefna voru:

- Ljúka endurhönnun á heimasíðu félagsins í þeim tilgangi að gera hana áhugaverðari og auðveldari til nota fyrir félagsmenn, m.a. að því er varðar upplýsingar um námskeið og skráningu endurmenntunareininga.
- Auka framboð af námskeiðum fyrir endurskoðendur, bæði á vegum félagsins og ekki hvað síst í samvinnu við aðra, þ.á.m. háskólastofnanir.
- Ljúka þýðingu og kynningu á nýjum áritunum skv. ISA 700, endurskoðunarstaðli um áritanir og ISA 2410, staðli um könnunaráritanir og ljúka gerð staðlaðs staðfestingarbréfs frá fjármálfyrirtækjum.
- Yfirferð á ýmsum ákvæðum ársreikningslaga, m.a. að því er varðar kröfur um að dótturfélög og móðurfélög skráðra félaga geri ársreikninga skv. alþjóðlegum reikningsskilareglum (IFRS).
- Yfirferð á ýmsum ákvæðum skattalaga og frumkvæði að ábendingum um það sem betur má fara í skattaloggjöf og skattfrumkvæmd.

- Framkvæmd gæðaeftirlits með vinnu endurskoðenda, með beinum skoðunum á verkefnum hjá einstökum endurskoðendum

Á starfsárinu tókst að mestu að ljúka þeim verkefnum sem hér voru talin upp.

Eins og hefð er fyrir þá stöð félagið fyrir fjórum ráðstefnum á starfsárinu. Skattadagur var haldinn í janúar, endurskoðunardagur í apríl, reikningsskiladagur í september og loks var hausráðstefna félagsins haldin hér fyrir í dag en hún fjallaði að þessu sinni um menntun og starfsumhverfi endurskoðenda.

Mikill áhugi er hjá félagsmönnum að sækja ráðstefnur á vegum félagsins og þannig var meðalfjöldi þeirra sem sóttu ráðstefnur félagsins um 200 manns, sem er liðlega 60% af öllum félagsmönnum.

Ég efast um að nokkurt fagfélag af þessari stærð geti státað af annarri eins þátttöku í faglegum ráðstefnum og fundum. Einhverjir vilja kannski halda því fram að endurmenntunarskyldan sé aðal hvatinn að mikilli þátttöku félagsmanna, en ég leyfi mér að draga það í efa,

því þátttaka félagsmanna fyrir endurmenntunarskyldu var einnig mjög mikil.

Eins og áður er fagnefndum falið að hafa umsjón með ráðstefnum sem fjalla um viðkomandi fagsvið. Nefndirnar nutu aðstoðar beggja framkvæmdastjóra félagsins og menntunarnefndar við undirbúning þeirra, en mikil vinna liggur að baki hverri ráðstefnu. Menntunarnefnd hefur að venju umsjón með hausráðstefnu félagsins. Líkt og á síðasta starfsári lagði stjórnin á það mikla áherslu að nefndirnar leituðust við að fá áhugaverða erlenda fyrirlesara á ráðstefnurnar og var erlendu fyrirlesari á meirihluta þeirra.

Á starfsárinu hélt gæðanefnd félagsins öðru sinni námskeið um gæðamál. Haldin voru námskeið til undirbúnings verklegum prófum til löggildingar í endurskoðun og í gær stóð menntunarnefnd fyrir fjölsóttu námskeiði um skattamál og fjármálagerninga.

Hádegisverðarfundir FLE eru í mjög föstum skorðum og hafa verið óbreyttir í áratugi. Á starfsárinu voru haldnir 10 hádegisverðarfundir og sóttu þá að meðaltali liðlega 60 manns, sem lætur nærri að vera 20% félagsmanna. Ég tel að þessir fundir séu ákaflega mikilvægir, en á þeim er leitast við að fjalla um faglegt efni og önnur viðfangsefni sem tengjast störfum okkar með beinum eða óbeinum hætti. Á fundunum gefst jafnframt tækifæri til þess að auka tengsl milli félagsmanna. Hádegisverðarfundirnir eru einnig vettvangur fyrir formann félagsins til að flytja félagsmönnum fréttir af því sem efst er á baugi hverju sinni í starfsemi þess.

Aðalfundur Norræna endurskoðendasambandsins var haldinn í Stavanger í Noregi hinn 18. ágúst sl. og sóttu hann af hálfu FLE, formaður og faglegur framkvæmdastjóri, ásamt mökum. Ég fullyrði að það sé samdóma álit allra þeirra félagsmanna FLE sem komið hafa að starfsemi NRF að sá félagsskapur sé endurskoðendum á Norðurlöndunum ákaflega mikilvægur, að því er varðar faglega framþróun endurskoðenda, styrkleika í alþjóðlegu samstarfi og einnig í félagslegu tilliti.

Marga ára hefð er fyrir því að formaður, varaformaður, formaður skattanefndar og nú einnig í seinni tíð faglegur framkvæmdastjóri fundi með ríkisskattstjóra og helstu starfsmönnum hans.

Engin breyting varð á þessu með nýjum ríkis-

skattstjóra, en auk fulltrúa FLE sækja þennan fund einnig fulltrúar Félags bókhaldsstofa.

Á fundinum er farið yfir ýmis mál sem lúta að skattfrákvæmd, álagningu opinberra gjalda og framtalsskilum. Þessir fundir eru afar mikilvægir og til þess fallnir að bæta samskipti endurskoðenda og skattayfirvalda. Ég vil við þetta tækifæri hvetja félagsmenn til þess að koma með ábendingar til skattanefndar um atriði sem þeir telja að betur megi fara í skattfrákvæmd þannig að hægt sé að koma þeim sjónarmiðum á framfæri á fundi sem þessum.

Á starfsárinu voru tvær nýjar nefndir skipaðar af stjórn, en það eru siðanefnd og afmælisnefnd. Í báðum nefndum eru fimm nefndarmenn.

Formaður siðanefndar gerði hér fyrr í dag nokkra grein fyrir verkefnum nefndarinnar sem er að semja siðareglur fyrir félagið sem byggjast eiga á siðareglum alþjóðasambands endurskoðenda, en mikilvægt er að félagið hafi siðareglur m.a. vegna ákvæða í áttundu félagatilskipun evrópusambandsins.

Afmælisnefnd er ætlað að undirbúa 75 ára afmæli félagsins en félagið var stofnað þann 16. júlí 1935 og fagnar því 75 ára afmæli á árinu 2010.

Formaður, varaformaður og faglegur framkvæmdastjóri FLE hafa átt nokkra fundi með fulltrúum fjármálaráðuneytisins um ýmis mál sem lúta að endurskoðun og endurskoðendum. Innleiðing á áttundu félagatilskipun Evrópusambandsins hefur verið aðalræðuefnið, en önnur mál sem rædd hafa verið við fulltrúa ráðuneytisins eru m.a. menntunarmál, misnotkun á starfsheitinu endurskoðandi og afnám endurskoðunar af skoðunarmönnum.

Við væntum þess að með innleiðingu ákvæða áttundu félagatilskipunarinnar muni allt lagaumhverfi sem lýtur að endurskoðun og endurskoðendum verða skýrara og betra, en fjórir fulltrúar félagsins eru í starfshóp sem hefur það verkefni að semja ný lög um endurskoðendur.

Vænta má nýs lagafrumvarps um endurskoðendur í upphafi næsta árs, en fyrriséd er að með nýjum lögum um endurskoðendur munu verða mjög miklar breytingar á umhverfi endurskoðenda hér á landi.

Formlegir stjórnarfundir voru 11 á starfsárinu, en auk þeirra áttu formaður og vara-



Sigurður Stefánsson og Gunnar Zoëga endurskoðendur.

formaður fjölmarga óformlega fundi um málefni félagsins.

Norræna endurskoðendasambandið bauð alþjóðasambandi endurskoðenda (IFAC) að halda stjórnarfund á Norðurlöndunum. IFAC þáði það boð og óskaði eftir að fundurinn yrði haldinn í Reykjavík. Fundurinn var haldinn dagana 7. og 8. júní sl.

Þátttakendur á fundinum ásamt mökum voru um 90 manns. Það fólst í því mikil viðurkenning og heiður fyrir NRF og FLE að fá að vera gestgjafar á stjórnarfundum IFAC, en jafnframt þurfi að leggja af mörkum mikla vinnu við undirbúning og framkvæmd fundarins. Skipulagning FLE sneri einkum að félagslegri dagskrá, en skipulagðar voru útsýnisferðir báða dagana fyrir maka fundargesta.

Þáverandi borgarstjóri, ásamt maka, hélt móttöku fyrir fundargesti í Ráðhúsi Reykjavíkur og fjármálaráðherra ásamt maka voru sérstakir gestir á hátíðarkvöldverði sem haldinn var í Perlunni. Ég tel að óhætt sé að fullyrða að almennt hafi verið mikil ánægja gesta með heimsóknina til Íslands, sem í flesta staði tókst mjög vel. IFAC færði félaginu að gjöf í þakklátisskyni innrammað skjal sem vonandi

mun prýða skrifstofu félagsins um ókomna tíð.

Gæðaeftirlit í samræmi við gæðareglur FLE fór í annað sinn fram í árslok 2006. Markmið gæðaeftirlits er:

- að hvetja og aðstoða félagsmenn og fyrirtæki þeirra til að uppfylla ströngustu kröfur sem gerðar eru til starfa þeirra á hverjum tíma og
- að tryggja að endurskoðendur innan FLE fullnægi þeirri þörf samfélagsins að veita ávallt þjónustu í hæsta gæðaflokki og viðhalda þar með trausti almennings.

Samkvæmt gæðareglunum á gæðaeftirlitið að ná til allra félagsmanna í FLE sem bera ábyrgð á endurskoðunarverkefnum.

Gæðaeftirlitið skal að jafnaði ná til endurskoðenda á sex ára fresti, en Gæðanefnd getur ákveðið örara eftirlit vegna sérstakra aðstæðna. Valið var úrtak úr hópi allra félagsmanna FLE, en þeir voru 308 þegar gæðaeftirlitið fór fram. Úrtakið á árinu var 56 félagsmenn, en af þeim höfðu 23 áritað endurskoðuð reikningsskil og komu til skoðunar.

Niðurstaða gæðaeftirlitsins var að 17 fengu jákvæða umsögn en 6 neikvæða og þurfa að fara aftur í gæðaeftirlit innan tveggja ára. Það



Bókun sf.: Jón H. Skúlason, Guðmundur Jónsson og Guðmundur Jens Þorvarðarson endurskoðendur.

eru vonbrigði hversu margir félagsmanna eru að fá neikvæða umsögn, eða liðlega fjórðungur þeirra. Það er fyrirsjáanlegt að gæðaeftirlitið á eftir að verða mun umfangsmeira og strangara á komandi árum og því er afar mikilvægt að þeir félagsmenn sem fengið hafa neikvæða umsögn bæti vinnubrögð sín.

Ég ætla ekki að eyða mörgum orðum að þessu sinni í menntunarmál endurskoðenda, en eins og fram kom í setningarræðu minni á haustráðstefnunni fyrr í dag, tel ég nauðsynlegt að huga að endurskoðun skipulagsskrár Námsstyrkjasjóðs og einnig að háskólarnir meti hvort hagkvæmt sé að þeir séu báðir að keppa um stúdenta sem ætla í meistaranám í reikningshaldi og endurskoðun.

Í því skyni að auðvelda aðgengi endurskoðenda utan stór höfuðborgarsvæðisins að fundum og ráðstefnum félagsins var tekin upp sú nýbreytni að senda þær út með fjarfundabúnaði.

Á starfsárinu voru tvær ráðstefnur félagsins, þ.e. endurskoðunardagur og reikningsskiladagur, sendar út með þessum hætti, en ákveðinn lágmarksfjöldi þarf að nýta búnaðinn til þess að forsvaranlegt sé að nota hann. Reynslan af þessum útsendingum er mjög góð og bendir allt til þess að framhald verði á þeim, svo fremi að þátttaka verði næg.

Fyrirhugaður er flutningur á skrifstofu félagsins, en í gær var ritað undir nýjan húsaleigusamning til átta ára. Við gerum ráð fyrir að vera komin í annað húsnæði í byrjun næsta mánaðar,

en unnið er hörðum höndum að lagfæringum á húsnæðinu til samræmis við óskir okkar.

Nýju skrifstofurnar eru nokkru stærri en núverandi skrifstofur og henta starfsemi okkar einnig að ýmsu öðru leyti betur. Við munum ekki flytja okkur um langan veg, heldur færa okkur úr vesturenda í austurenda 5. hæðar á Suðurlandsbraut 6.

Ég vona að ný stjórn bjóði félagsmönnum að líta á nýju skrifstofurnar við gott tækifæri að flutningi loknum.

Ég minnstist áðan á að stjórnin taldi þörf á að auka kynningu á störfum endurskoðenda í því skyni að fá fleiri til þess að starfa við fagið. Ég tel að það eigi að vera eitt af verkefnum félagsins að vinna stöðugt að ímyndar- og markaðsmálum fyrir okkur sem fagstétt þannig að við verðum ekki útundan í baráttunni um besta fólk. Eins og ég gat um áðan fengum við til liðs við okkur ráðgjafarfyrirtæki til þess að vinna að kynningarbæklingi sem við vildum koma út fyrir aðalfund félagsins. Fyrstu eintök kynningarbæklingsins voru að koma úr prentun og liggja hér frammi á aðalfundinum.

Ég vona að áfram verði unnið að því innan félagsins að kynna það og endurskoðunarfagið og þannig leitast við bæta úr þeim þekkingarskorti sem allt of víða er til staðar um í hverju störf okkar felast og hve lifandi og skemmtileg verkefni endurskoðenda eru, ólíkt því sem svo margir halda.

Hún er því miður of lífseig sú ranghugmynd margra að endurskoðendur séu upp til hópa

rúmlega miðaldra húmorslausir og ferkantadír karlmenn í gráum jakkafötum sem eru að drukkna í skattframtölum.

Starfsmenn FLE eru sem fyrr tveir í 60% starfi hvor. Um daglegan rekstur sér Arnbjörg Edda Guðbjörnsdóttir framkvæmdastjóri. Faglegur framkvæmdastjóri er Gunnar Sigurðsson.

Þrátt fyrir að hjá félaginu starfi tveir starfsmenn í 60% starfi hvor, hvílir mikil vinna á þeim sem tekið hafa að sér setu í stjórn og nefndum félagsins og er ánægjulegt að sjá hve margir félagsmenn eru tilbúnir að leggja á sig mikla vinnu fyrir félagið og þar með okkur.

Ég vil alveg sérstaklega þakka öllum nefndarmönnum fyrir þeirra vinnu á starfsárinu í þágu félagsins.

Á starfsárinu stóðust átján einstaklingar próf til löggildingar í endurskoðun og sóttu þeir allir um aðild að FLE.

Félagsmenn eru nú 325, sem skiptast þannig að starfandi hjá endurskoðunarfyrirtækjum eru 197 eða 61% en annars staðar eða hættir störfum eru 128 eða 39%. Konur í hópi félagsmanna eru nú 63 eða um 20%.

Í kjölfar nýrra laga um endurskoðendur, sem væntanlega munu verða samþykkt á yfirstandandi þingi, er fyrirséð að verkefnum hjá félaginu mun fjölga og því tel ég að það þurfi á næsta ári að hefja stefnumótunarvinnu til þess að móta og skilgreina betur hlutverk FLE til framtíðar.

Fram hafa komið hugmyndir um að FLE taki að sér ýmis ný verkefni í kjölfar nýrra laga um endurskoðendur vegna innleiðingar á ákvæðum áttundu félagatilskipunar Evrópusambandsins. Í því sambandi hafa verið nefnd verkefni, svo sem opinber skráning endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja, ábyrgð á skráningu endurmenntunareininga, framkvæmd opinbers gæðaeftirlits og eftirlit með skyldutryggingu endurskoðenda.

Hugmyndir hafa komið fram um skylduáðild löggiltra endurskoðenda að félaginu til þess að það geti annast þessi verkefni enda snúa þau að öllum endurskoðendum, hvort sem þeir eru í félaginu eða ekki.

Ég vil nú við lok formannstíðar minnar þakka báðum framkvæmdastjórum félagsins og meðstjórnarmönnum mínum fyrr og nú fyrir gott og skemmtilegt samstarf þessi ár sem ég hef setið

í stjórn FLE. Einnig vil ég ítreka þakkir mínar til handa öllum nefndarmönnum fyrir mikið og gott starf á liðnu starfsári. Þá vil ég einnig þakka þeim fjölmörgu félagsmönnum sem flutt hafa erindi á fundum og ráðstefnum og þeim sem hafa staðið af námskeiðum fyrir félagsmenn.

Félagsmönnum þakka ég þátttöku þeirra í ráðstefnum, fundum og öðrum viðburðum hjá félaginu á starfsárinu.

Ársreikningur félagsins lagður fram til afgreiðslu

Ómar H. Björnsson gjaldkeri félagsins lagði fram ársreikning félagsins

Rekstrartekjur voru 26,8 millj. og voru þar af tekjur af félags- og inntökugjöldum 15,4 millj. og tekjur af ráðstefnu- og námskeiðahaldi 9,3 millj.

Rekstrargjöld voru samtals 25,1 millj. Stærsti hluti gjaldanna var skrifstofu- og stjórnunarkostnaður 11 millj. og kostnaður af ráðstefnu og námskeiðahaldi 4 millj.

Fjármunatekjur nettó voru 2,3 millj.

Tekjur umfram gjöld á rekstrarárinu 4 milljónir sem er töluvert umfram áætlun.

Eignir eru samtals 29,9 sem fyrst og fremst samanstandur af handbæru fé og verðbréfaeign.

Skuldir eru 1,9 millj og eigið fé 28millj.

Því næst lagði Ómar fram *ársreikning Námsstyrkjasjóðs*.

Tekjur umfram gjöld 2,2 millj. Eignir eru verðbréfaeign 27,3.

Fundarstjóri gaf fundarmönnum kost á að taka til máls varðandi ársreikningana og skýrslu stjórnar en enginn tók til máls.

Reikningarnir samþykktir samhljóða.

Skýrslur fastanefnda

Endurskoðunarnefnd – Ólafur Gestsson leiðir nefndina í fjarveru formanns. Hann flutti skýrslu nefndarinnar þar sem fram kom að mikið hefði verið að gera hjá nefndinni á árinu.

Menntunarnefnd – Eggert Teitsson formaður. Eggert flutti skýrslu nefndarinnar þar sem fram kom að störfin hefðu að mestu verið hefðbundin.

Reikningsskilanefnd – Reynir Gylfason flytur skýrsluna í fjarveru formanns. Tvö formleg



Victor Knútur Björnsson, Stefán Svavarsson og Guðmundur Þ. Frimannsson endurskoðendur.

erindi bærust nefndinni en annars fór mesti tíminn í undirbúning reikningsskiladags.

Skattanefnd – Einar Ólafsson formaður flutti skýrslu nefndarinnar. Vísar í ársskýrsluna. Lagt var á nefndina að sjá um undirbúning skattadagsins og er það vel. Von að nefndin heyri frá félagsmönnum áður en félagsmenn heyra frá skattanefnd.

Ritnefnd – Auður Ósk Þórisdóttir formaður flutti skýrslu nefndarinnar. Þar sem ritnefnd ber ábyrgð á heimasíðu félagsins var mikið að gera á árinu við að koma nýrri heimasíðu í gagn. Einnig stendur nefndin fyrir útgáfu FLE fréttar.

Gæðanefnd - Kristinn Freyr Kristinsson formaður flutti skýrslu nefndarinnar. Fastmót að starf og aðalverkefnið er að sjá um gæðaeftirlit FLE. Eftirlitið og vinnan gekk vel enda var þetta annað árið sem eftirlitið hefur farið fram. Niðurstöður eftirlitsins voru kynntar á hádegisverðarfundum.

Stjórnskipaðar nefndir

Síðanefnd – Guðmundur Snorrason formaður flutti skýrslu nefndarinnar. Vísar í erindið sem haldið var á hausráðstefnunni fyrr í dag. Meginverkefnið er að vinna að þýðingum að reglum IFAC um endurskoðun. Langt komið með þýðingu en á eftir að fínþússa. Von er á breytingum frá IFAC sem líklega fást ekki staðfestar fyrr en 2008. Stefnt að því að leggja þessar reglur til samþykktar á aðalfundi að ári.

Afmælisnefnd – Sigurður Tómasson formaður tók til máls. Nefndin litt tekin til starfa þar sem verkin eiga ekki að tala fyrr en árið 2010.

En nefndin er byrjuð að funda og mun fljótlega kynna stjórn félagsins helstu atriðin.

Formenn allra nefndanna þökkðu öðrum nefndarmönnum vel unnin störf og fengu starfsmenn félagsins sérstakar þakkir frá öllum nefndunum.

Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins

Engar tillögur hafa borist.

Gengið var til kosninga

Kosning formanns

Tillaga: Margrét G. Flóvens

Engar aðrar tillögur og telst hún því réttkjörin.

Kosning varaformanns

Tillaga: Jóhann Unnsteinsson

Engar aðrar tillögur og telst hann því réttkjörinn.

Kosning meðstjórnenda

Tillaga: Knútur Þórhallsson

Þórir Ólafsson

Engar aðrar tillögur og teljast þeir því réttkjörin.

Kosning endurskoðanda og varaendurskoðanda

Tillaga: Einar H. Einarsson

Guðmundur Jólsson til vara

Engar aðrar tillögur og teljast þeir því réttkjörin.



Tryggvi E. Geirsson, Jón Þ. Hilmarsson og Jón Þorgeir Einarsson, endurskoðendur.

Kosning tveggja aðalmanna og varamanns í Álitsnefnd

Tillaga: Guðmundur Óskarsson
Guðmundur Snorrason

Anna Kristín Traustadóttir til vara

Engar aðrar tillögur og teljast þau því réttkjörin.

Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Endurskoðunarnefnd

Tillaga: Helga Harðardóttir
Lilja Steinþórsdóttir til vara

Engar aðrar tillögur og teljast þær því réttkjörnar.

Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Reikningskilanefnd

Tillaga: Kjartan Arnfinnsson
Anna Guðrún Tryggvadóttir til vara

Engar aðrar tillögur og teljast þau því réttkjörin.

Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Menntunarnefnd

Tillaga: Árni Claessen
Pálína Árnadóttir til vara

Engar aðrar tillögur og teljast þau því réttkjörin.

Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Ritnefnd

Tillaga: Sighvatur Halldórsson
Auðunn Guðjónsson til vara

Engar aðrar tillögur og teljast þeir því réttkjörin.

Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Skattanefnd

Tillaga: Lúðvík Þráinsson
Steingrímur Sigfússon til vara

Engar aðrar tillögur og teljast þeir því réttkjörin.

Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Gæðanefnd

Tillaga: Hólmgrímur Bjarnason
Sigrún Guðmundsdóttir til vara

Engar aðrar tillögur og teljast þau því réttkjörin.

Kosning eins manns til tveggja ára í Námsstyrkjasjóð FLE

Tillaga: Símon Á. Gunnarsson
Jóhann Unnsteinsson til vara

Engar aðrar tillögur og teljast þeir því réttkjörin.

Tillaga stjórnar um árgjald félagsmanna næsta reikningsár

Framkvæmdastjóri félagsins dreifir rekstraráætlun næsta reikningsárs. Ómar H. Björnsson flytur fyrir hönd stjórnar tillögu um að árgjald félagsmanna verði kr. 65.000

Enginn tekur til máls og var tillagan samþykkt samhljóða.

Önnur mál

Fundarstjóri bauð fundarmönnum að taka til máls.

Guðmundur Jólsson tók til máls.

Hann þakkar sérstaklega erindi Guðmundar Óskarssonar á haustráðstefnunni fyrr í dag þar sem vakin var athygli á menntunarmálum minni endurskoðunarstofa, hvað hefði mátt betur fara og hvaða úrræði væru möguleg. Réttléga hefur verið bent á að barátta minni stofnanna hefur oft verið erfið og verður líklega ekki auðveldari. En Guðmundur telur hins vegar að þær verði samt alltaf til í einhverjum mæli þar sem ávallt verði þeir viðskiptavinir til sem fælist stóru stofnunar. Telur að nýi ímyndabæklingurinn sem stjórn félagsins stóð fyrir endurspeglisjónarmið stjórnarinnar að minni stofnunar eru ekki hafðar í huga hvorki við gerð bæklingins frekar en í menntunarmálum. Segir að í bæklingum sé eingöngu rætt við endurskoðendur á stóru stofnum.

Að lokum leggur Guðmundur áherslu á að



Þorvaldur Kári Þorsteinsson, Lárus Finnbogason og Sigurður Tómasson endurskoðendur.



allir félagsmenn standi saman og reyni að samræma sjónarmið beggja þessara aðila eins og kostur er.

Lárus Finnbogason fráfarandi formaður tók til máls. Lærdómsríkt, þroskandi og gefandi að vera í stjórninni sl. 4 ár og félagið orðið ennþá meira hluti af manni. Ákveðinn léttir að losna úr formennskunni en alveg viss um að það verði líka ákveðinn söknuður. Þessi aðalfundur nokkuð merkilegur og sérstaklega ánægjulegt að í fyrsta skipti í 74 ára sögu félagsins að kona hefur verið kosin formaður. Óskar Margréti innilega til hamingju og óskar henni velfarnaðar í nýju hlutverki. Óskar einnig öðrum stjórnar- og nefndarmönnum velfarnaðar. Að því loknu afhenti Lárus Margréti lykla að skrifstofu félagsins og prýddi hana með formannskeðjunni.

Fundarstjóri þakkar fyrir sig og gefur Margréti Flóvenz nýkjörnum formanni orðið.

Margrét þakkar heiðurinn og traustið sem félagsmenn hafa veitt henni. Segir ímynd endurskoðenda skipta miklu máli meðal annars vegna aukinnar samkeppni um starfsfólk. Fagnar að margir félagsmenn hafi áttað sig á því að framundan er verk að vinna við að gera ímynd stéttarinnar sem jákvæðasta og áhugaverðasta. Ekki gangi að við börnum okkur yfir hvað sé erfitt og flókið að vinna sem endurskoðendur í umhverfi breyttra reglna og staðla, hér er einfaldlega umbreytingaferli í gangi og slíkt er ekkert einsdæmi í okkar stétt. Störf okkar við að gæta almannahagsmuna hafa verið mikils metin í þjóðfélaginu og verðum við því að gæta okkar að tala jákvætt um starfið og þar með laða ungt fólk að faginu. Margrét ræddi einnig um breytt lagaumhverfi sem snúist fyrst og fremst að störfum praktíserandi endurskoðenda. Hún sagði að eitt stærsta verkefni komandi stjórnar sé að móta stefnu félagsins þar sem haft er í huga að 40% félagsmanna er ekki praktíserandi. Segir mjög mikilvægt að hagsmunir allra hópa félagsmanna séu hafðir að leiðarljósi við stefnumótunarvinnuna. Einnig þarf að hyggja að því að í breyttu umhverfi er erfiðara að fá félagsmenn til að vinna ómælda sjálfbodavinnu í nefndum og stjórn félagsins.

Margrét þakkaði Lárusi Finnbogasyni fráfarandi formanni samstarfið, fráfarandi og núverandi stjórnarmönnum, nefndarmönnum og ekki

síst framkvæmdastjórum félagsins. Bauð nýja stjórnar- og nefndarmenn velkomna um borð og sagðist hlakka til samstarfsins í þeim krefjandi verkefnum sem framundan eru. Í tilefni dags íslenskrar tungu og hafandi í huga þriðju grein samþykktu félagsins endaði Margrét á að flytja

ljóð Jónasar Hallgrímssonar „Hvað er svo glatt sem góðra vina fundur“.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

María Sólbergdóttir
fundarritari

Til hamingju með afmælið – árið 2008

85 ára þann 7. mars 2008
85 ára þann 28. júní 2008
75 ára þann 22. júlí 2008
75 ára þann 13. október 2008
75 ára þann 18. október 2008
70 ára þann 7. júní 2008
65 ára þann 11. febrúar 2008
65 ára þann 2. júlí 2008
65 ára þann 4. ágúst 2008
60 ára þann 20. apríl 2008
60 ára þann 26. apríl 2008
60 ára þann 30. maí 2008
60 ára þann 4. júní 2008
60 ára þann 18. júní 2008
60 ára þann 27. júní 2008
60 ára þann 3. júlí 2008
60 ára þann 16. september 2008
60 ára þann 7. október 2008
60 ára þann 9. nóvember 2008
60 ára þann 30. nóvember 2008
50 ára þann 15. janúar 2008
50 ára þann 7. febrúar 2008
50 ára þann 13. maí 2008
50 ára þann 17. júní 2008
50 ára þann 22. júní 2008
50 ára þann 24. september 2008
40 ára þann 1. janúar 2008
40 ára þann 19. janúar 2008
40 ára þann 9. mars 2008
40 ára þann 20. mars 2008
40 ára þann 4. maí 2008
40 ára þann 12. júlí 2008
40 ára þann 30. október 2008
40 ára þann 30. október 2008
40 ára þann 22. nóvember 2008
30 ára þann 8. febrúar 2008
30 ára þann 26. febrúar 2008
30 ára þann 10. nóvember 2008

Gunnar Zoëga
Sigurður Stefánsson
Magnús Eliasson
Jón H. Runólfsson
Valdimar Ólafsson
Þórarinn Þ. Jónsson
Þorsteinn Kjartansson
Gylfi Gunnarsson
Ólafur Viggó Sigurbergsson
Sveinn Arason
Guðríður Kristófersdóttir
Árni Björn Birgisson
Halldór Hróarr Sigurðsson
Anna Skúladóttir
Jón Eiríksson
Sigurgeir Bóasson
Ómar Kristjánsson
Ingólfur Flygenring
Hafsteinn V. Halldórsson
Guðmundur Jólsson
Magnús G. Benediktsson
Guðmundur Snorrason
Margrét Guðjónsdóttir
Anna Kristín Traustadóttir
Sigurður Heiðar Steindórsson
Birna Bjarnþórsdóttir
Margrét Pétursdóttir
Jón Hreiðar Sigurðsson
Ólafur Már Ólafsson
Jón Arnar Baldurs
Helga Sigríður Böðvarsdóttir
Sigurður Páll Hauksson
Kristín S. Konráðsdóttir
Gunnlaugur Kristinsson
Guðný Helga Guðmundsdóttir
Arna Guðrún Tryggvadóttir
Guðjón Gústafsson
Erling Tómasson



Stjórn og nefndir 2007–2008

Skipan stjórnar og fastanefnda FLE starfsárið 2007–2008



Félagsstjórn FLE frá vinstri: Knútur Þórhallsson, Jóhann Unnsteinnsson varaformaður, Margret G. Flóvenz formaður, María Sólbergdóttir og Þórir H. Ólafsson.



Menntunarnefnd FLE frá vinstri: Ólafur Viggó Sigurbergsson, Pálína Árnadóttir, Margrét Pétursdóttir formaður og Árni Claessen.



Endurskoðunarnefnd FLE frá vinstri: Barði Ingvaldsson, Lilja Steinþórsdóttir, Ólafur Gestsson formaður, og Helga Harðardóttir.



Reikningsskilanefnd FLE frá vinstri: Reynir Stefán Gylfason formaður, Erling Tómasson, Arna Guðrún Tryggvadóttir og Kjartan Arnfinnsson.



Skattanefnd FLE frá vinstri: Lúðvík Þráinsson, Jón Örn Guðmundsson formaður, Steingrímur Sigfússon og Gunnar Þór Ásgeirsson.



Ritnefnd FLE frá vinstri: Auðunn Guðjónsson, Síghvatur Halldórsson, Eymundur Sveinn Einarsson og Björg Sigurðardóttir formaður.



Gæðanefnd FLE frá vinstri: Anna Þóra Benediktsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Hólmgrímur Bjarnason og Hafdís Böðvarsdóttir formaður.

Úfin og ógreiðfær leið

*Það þarf meiri kjark til að segja satt en ljúga,
sjálfstraust til að efast, er aðrir trúa,
djörfung til að mæla gegn múgsins boðun,
mannþóm til að hafa eigin skoðun.*

„Þú mátt koma hvenær sem er, ég verð hérna að vinna fram á kvöld,“ segir Sigríður Ármannsdóttir þegar við mælum okkur mót við hana í síma. Það er gömul saga og ný að það séu uppgrip hjá löggiltum endurskoðendum í byrjun nýs árs og Sigríður lætur hendur standa fram úr ermum enda þótt það sé laugardagur. „Það er nóg að gera. Ég gæti lagt nótt við dag ef ég hefði áhuga á því. Og það er ekki bara á þessum árstíma, í seinni tíð eru næg verkefni fyrir endurskoðendur allt árið um kring.“

Það er eins gott að starfið er skemmtilegt. „Ég held að fólk geri sér almennt ekki grein fyrir því hvað starf endurskoðandans er fjölbreytt og skemmtilegt. Ég er bæði í endurskoðun og ráð-

gjöf og svo snertir starfssvið mitt einnig upplýsingatæknikerfi félaga. Maður veit aldrei hvað dagurinn ber í skauti sér og er stöðugt að læra eitthvað nýtt. Starf endurskoðandans er eilíf endurmenntun.“

*Það þarf viljastyrk til að lifa eigin ævi,
einurð til að forðast heimsins lævi,
visku til að kunna að velja og hafna,
velvild, ef að andinn á að dafna.*

Sigríður vann um átta ára skeið hjá KPMG en fyrir tæpu ári venti hún sínu kvæði í kross og stofnaði eigin endurskoðunarstofu, APAL. „Ég átti mér draum um að verða minn eigin herra,“ segir hún um vistaskiptin, „og ég er þannig gerð að ég framkvæmi allt sem mér dettur í hug. Ég var einu sinni á Dale Carnegie námskeiði, þar sem fólki er kennt að taka af skarið, en sá fljótt að það námskeið hentaði mér ekki. Ég þarf miklu

frekar að vera á bremsunni, framkvæma ekki allt sem mér kemur til hugar,“ segir hún hlæjandi.

Öflugt tengslanet lykilatriði

Sigríður er að vinna fyrir eitt af stærri félögum landsins þegar blaðamaður ber að garði og kveðst hafa marga stóra kúnna á sínum snærum, einkum í Reykjavík. „Annars er þetta öll flóran sem ég er að sinna. Það skiptir gríðarlegu máli í þessu starfi að byggja upp öflugt tengslanet.“ Auk Sigríðar eru tveir starfsmenn á stofnunni. „Þetta hefur gengið vonum framár og ég sé ekki eftir því eina einustu mínútu að hafa söðlað um.“

Nafnið á hinni nýju stofu, APAL, er engin tilviljun. Bæði vísar það til hraunsins umhverfis Hafnarfjörð, þar sem Sigríður býr og starfar, og síðan merkir orðið sjálft „úfin og ógreiðfær leið“.



Sigríður Ármannsdóttir, löggiltur endurskoðandi hjá APAL



Guðmundur E. Kjartansson
hjá Löggiltum
endurskoðendum
Vestfjörðum

Forpokast ekki á landsbyggðinni

„Einu sinni átti ég brýnt erindi yfir til Suðureyrar í Súgandafirði til þess að vinna fyrir Suðureyrarhreppi, meðan hann var og hét. Færð hafði spillst og ekki var um annað að ræða en fá far með snjóbílnum úr Skutulsfirði. Þetta var áður en Vestfjarðagöngin komu til sögunnar. Allt gekk að óskum en þegar ég þurfti að komast til baka daginn eftir var snjóbíllinn ekki tiltækur. Mér lá heldur á þannig að gripið var til þess ráðs að skutla mér á snjósleða upp á Breiðadals- og Botnsheiði. Þangað var ég svo sóttur á jeppa og mér komið heilu og höldnu heim á Ísafjörð.“

*Þörf er á varúð víðar en margur skeytir.
Vixlspor eitt oft öllu lífi breytir.
Þá áhættu samt allir verða að taka,
en enginn tekur mistök sín til baka.*

Úr hárgreiðslu í hagtölu

Sigríður unír hag sínum vel í endurskoðun. Það leit þó lengi vel ekki út fyrir að hún myndi hasla sér völl á þeim vettvangi. „Ég var í hárgreiðslunni í gamla daga en komst fljótlega að því að það hentaði mér betur að eiga við tölur en fólk. Það sem ég sá ekki fyrir var að mannleg samskipti eru snar þáttur í starfi endurskoðandans og maður þarf að hafa heilmikla sálfræði á sínu valdi. Þá kúrsa vantar alveg í námið,“ segir hún og brosir.

Eins og gefur að skilja skipta menn ekki beint yfir úr hárgreiðslu í endurskoðun. Sigríður var á byrjunarreit. Leið hennar lá því í öldungadeild og þaðan í viðskiptafræði við Háskóla Íslands. Þegar námsferillinn hófst var Sigríður tveggja barna móðir en þegar hún brautskráðist úr HÍ hafði þeim fjölgað um helming. „Það hentar mjög vel að eiga börn meðan maður er í námi, mun betur en eftir að komið er út á vinnurmarkaðinn.“

Sigríður valdi endurskoðunarvið á lokaári sínu í viðskiptafræðinni og eftir útskrift gekk

það er hvorki læknir né prestur sem hefur orðið, heldur löggiltur endurskoðandi, Guðmundur E. Kjartansson, sem starfað hefur við fag sitt á Ísafirði í meira en þrjá áratugi. Ekki svo að skilja að hann lendi í ævintýrum af þessu tagi á hverjum degi en sagan undirstrikar að endurskoðendur skjótast ekki á stuttermabol og sandölum milli verkefna fyrir vestan, í það minnsta ekki um hávetur.

Guðmundur er borinn og barnfæddur Ísfríðingur. Hann lagði stund á nám á Bifröst á ofanverðum sjöunda áratugnum og þar vaknaði

hún til liðs við litla stofu, BDO. Þar var hún í fjögur ár eða þangað til hún hóf störf hjá KPMG haustið 1999. Skömmu síðar lauk hún prófi til löggildingar.

*Það þarf magnað þor til að vera sannur maður,
meta sinn vilja fremur en fjöldans daður,
fylgja í verki sannfæringu sinni
sigurviss, þó freistingarnar ginni.*

Fjallaferðir gefa lífinu jafnvægi

Sigríður telur ekki eftir sér að vinna langan dag. Hún gætir þess þó vandlega að líta upp úr bókum og skjölum annað veiði. „Ég er mikil náttúru- og útivistarmanneskja og það gefur lífinu jafnvægi að láta sig hverfa annað veiði og gleyma sér á fjöllum. Hvort sem það er gangandi, skíðandi eða á nýja upphækkaða jeppanum mínum. Jeppinn hefur reynst mér vel en það var sjón að sjá mennina á verkstæðinu þegar ég bað þá að hækka bílinn upp. Þeir sögðu að vísu ekki neitt en úr svipnum mátti lesa: Hvað er kvenmaður að biðja um upphækkun!“ Nú er dátt hlegið.

Annars er Sigríður ekki nein sérstök áhugamanneskja um fyrribærið sem slíkt og ef jeppinn bilar fer hún einfaldlega með hann á verk-

áhugi hans á endurskoðun. „Mér gekk alltaf vel í bókhaldi, stærðfræði og slíkum fögum í skóla og það lá því eiginlega beint við að leggja fyrir sig endurskoðun,“ rifjar hann upp.

Lengi vel eini endurskoðandinn á Vestfjörðum

Guðmundur var ráðinn til starfa á endurskoðunarstofu Björns Stephensens og Ara O. Thorlacius í Reykjavík árið 1971 en umsvif þeirrar stofu voru talsverð á þeim tíma. Fimm árum síðar sneri hann svo aftur í heimahagana. „Það

stæði. Er ekki týpan sem hverfur niður í vélna með skiptilykil og skrufujárn að vopni. En tilgangurinn helgar meðalið. „Komist ég minna ferða á hálendinu er ég ánægð.“

Sigríður er líka mikil fjölskyldumanneskja. Börn hennar fjögur eru á aldrinum 13 til 27 ára og þegar við sitjum hjá henni er von á fjórða barnabarninu á hverri stundu. Hún ver eins miklum tíma með börnum sínum og unnt er, auk þess sem stórfjölskyldan, foreldrar hennar, systkini og börn þeirra, hátt í fjörutíu manns, hefur um árabíl haft þann sið að snæða saman kvöldverð einu sinni í viku. Þá er jafnan glatt á hjalla. Stórfjölskyldan á líka hús norður á Ströndum og hefur verið dugleg að ferðast saman innanlands og erlendis. „Sjálf vil ég helst ferðast innanlands eða á framandi slóðum erlendis. Þannig fór ég í mjög skemmtilegt gönguferðalag um Lappland í fyrra og er að skipuleggja ferð til Petagóníu um næstu jól. Sólarstrandir heilla mig ekki sérstaklega en ég geri það stundum fyrir fjölskylduna að fara í slíkar ferðir.

Ljóð sem vitnað er til í viðtalinu heitir Lífsþor og er eftir Árna Grétar Finnsson.

Það hefur verið Sigríði Ármannsdóttur vegvísir á liðnum árum.



kom til með þeim hætti að sveitarstjórnarmenn á Ísafirði höfðu samband við mig og hvöttu mig til að koma vestur enda var enginn menntaður endurskoðandi starfandi á Vestfjörðum á þessum árum. Ég ákvað að slá til en var ekki endilega viss um að ævistarfið myndi liggja hér. Það hefur þó þróast þannig," segir Guðmundur en stofa hans ber nafnið Löggiltir endurskoðendur Vestfjörðum ehf. Þar vinna að jafnaði sex manns. Starfssvæðið er aðallega norðanverðir Vestfirðir og Strandir.

Fyrstu mánuðina var Guðmundur aðeins í hálfu starfi við endurskoðun fyrir vestan en verkefnum fjölgaði jafnt og þétt. Hann lauk löggildingarprófi árið 1978 og var eini löggilti endurskoðandinn á svæðinu fram til ársins 1990. Þá fékk hann tvo unga menn til liðs við sig. Þeir hafa nú báðir opnað eigin stofu, annar á Ísafirði en hinn í Bolungarvík. Segir Guðmundur viðskilnaðinn hafa farið fram í mesta bróðerni. Nóg mun líka vera af verkefnum vestra.

Guðmundur hefur alla tíð haft nóg að gera og líklega „aðeins meira en konan hefði viljað“. Hann segir starfið afar fjölbreytt og gefandi. Endurskoðendur fari síður en svo á mis við faglega næringu úti á landi. „Ég hef að vísu ekki sett mig ítarlega inn í þessa nýju alþjóðlegu reikningsstaðla. Það er eiginlega engin leið fyrir einyrkja úti á landi að gera það. En að öðru leyti geng ég í öll verkefni sem endurskoðendur sinna.“

Hann kveðst alltaf hafa verið duglegur að leita ráða hjá kollegum í Reykjavík og alla tíð sótt fræðslufundi og fagráðstefnur reglulega til

að halda sér við efnið. „Það er auðvelt að forpökast einn og sér úti á landi.“ Á seinni árum er endurmenntun meira að segja orðin lögbundin í faginu. „Ef við ljúkum ekki niútú einingum á þriggja ára fresti eigum við á hættu að leyfið verði einfaldlega tekið af okkur. Að mínu viti er þetta nauðsynlegt enda gerjunin í þjóðfélaginu mikil. Það mættu fleiri stéttir taka sér þetta til fyrirmyndar.“

Vestfirðingar leggja ekki árar í bát

Guðmundur er eldri en tvævetur í faginu og segir margt hafa breyst frá því hann tók fyrst til starfa, ekki síst varðandi vinnubrögð. Gamla góða dálkagabókin hafi vikið fyrir færsluvélinni og hún síðan fyrir tölvunni sem gjörbylti vinnu við reikningsskil og endurskoðun og hefur sparad mönnum ómældan tíma. Þá verði stöðugt algengara að endurskoðun fari alfarið fram með rafrænum hætti, nánast enginn pappír komi við sögu hjá stærri fyrirtækjum.

Það hefur jafnframt orðið breyting á viðskiptavinahópnum í árána rás. „Eftir að kvótinn minnkaði hérna fyrir vestan hefur sjávarútvegsfyrirtækjum fækkað en þau voru uppistaðan í viðskiptavinahópi mínum áður. Nú vinn ég meira og meira fyrir smærri fyrirtæki af ýmsu tagi en það er alveg ótrúlegt hvað starf þeirra er blómlegt og fjölbreytt. Vinnan hefur með öðrum orðum breyst en það er eftir sem áður nóg að gera. Vestfirðingar leggja ekki árar í bát þótt móti blási.“

Ekkert orð hefur meira vægi í faginu en óhæði.

Leiki vafi á því geta menn tekið hatt sinn og staf og yfirgefið samkvæmið. „Allir endurskoðendur þurfa að gæta að sínu óhæði en það segir sig sjálft að við sem störfum í minnstu samfélögum verðum að stíga sérstaklega varlega til jarðar. Í mínu tilviki hefur þetta í sjálfu sér ekki verið vandamál en náðin getur vissulega verið óþægileg. Það er skrytið að fara yfir bókhald manns fyrir hádegi, rekast svo á hann úti í búð síðdegis og kannski á fundi um kvöldið. En við þessu er ekkert að gera. Það þekkjast allir hér. Ætli megi samt ekki segja að ég hefði líklega kynnst sumu fólki betur en ella hérna á svæðinu ef ég hefði ekki stöðugt þurft að passa upp á sjálfstæði mitt undanfarin þrjátíu ár.“

Ýtir öllu til hliðar fyrir badmintonið

Það er í mörg horn að líta hjá endurskoðendum en Guðmundur segir sér hafa gengið þokkalega að taka frí gegnum tíðina. „Við höfum alltaf ferðast mikið hjónin en ég get ekki neitað því að síminn hefur yfirleitt verið mikið notaður í þessum ferðum. Þetta er þó mun þægilegra eftir að farsíminn kom til sögunnar. Nú finnur maður sér bara bekk til að setjast niður og greiða úr vandanum þegar síminn hringir.“

Guðmundur og eiginkonan eiga þrjú uppkomin börn og fjögur barnabörn og segir hann allar stundir með fjölskyldunni afar mikilvægar. Þá hefur hann tekið þátt í félagsstarfi af ýmsu tagi gegnum árin, m.a. hittast gamlir skátar alltaf á tveggja vikna fresti yfir vetrartímann og rifja upp gamlar minningar m.a. frá því þeir voru „púkar“, eins og það kallast fyrir vestan. „Maður verður að næra andann líka.“

Endurskoðendur sitja eðli málsins samkvæmt löngum stundum við skrifborðið og Guðmundur leggur fyrir vikið mikið upp úr hreyfingu. Honum líkar vel að brjóta daginn upp með gönguferðum eða badminton sem hann hefur spilað tvisvar í viku um langt árabíl. „Það kemur ekkert í veg fyrir að ég mæti í badminton-tímana. Ég ýti bara öðrum verkefnum til hliðar á meðan,“ segir hann í léttum dúr. „Annars er nauðsynlegt að hreyfa sig og hugsa vel um heilsuna, einkum þegar árin færast yfir. Það er lítið gagn af manni ef heilsan bilar.“

Opnunartími skrifstofu FLE

Skrifstofa FLE er opin mánudaga til fimmtudaga kl. 9 – 12:30

Sími: 568 8118 • Fax: 568 8139 • Tölvupóstfang: fle@fle.is

Heimasíða FLE: www.fle.is

Starfsmenn skrifstofu:

Arnbjörg Edda Guðbjörnsdóttir
framkvæmdastjóri:
Beinn sími: 568 2699
Tölvupóstfang: arnbjorg@fle.is

Gunnar Sigurðsson
faglegur framkvæmdastjóri
Beinn sími: 568 2704
Tölvupóstfang: gunnar@fle.is



Guðmundur Óskarsson
löggiltur
endurskoðandi
hjá Hyggi ehf

Ekki kallaður fyrir dómarann

Þegar hann var átján ára greip hann skyndilega ábyrgðartilfinning. Hann hafði eignast sitt fyrsta barn og sá sæng sína útbreidda. „Það þýddi ekki lengur að hanga í Glaumbæ,“ rifjar hann upp og bros færir yfir andlitið. Skólalabekkurinn blasti við og varð Bifröst fyrir valinu. „Ég vissi að ég gat lært og að stærðfræði og slíkar greinar áttu best við mig. Námið gekk líka vel. Á lokaprófi hlaut ég Bókfærslubikarinn sem var eftirsóttur.“

Fjörutíu árum síðar er Guðmundur Óskarsson enn að fást við tölur. Blöð og möppur umlykja tölvuna á skrifstofu hans hjá endurskoðunarstofunni Hyggi ehf. í Hafnarfirði og hægt og rólega færir Guðmundur í aukana. Milli þess sem hann ræðir við okkur „on record“ segir hann á víxl: „Þetta má alls ekki skrifa niður og þetta má alls ekki segja að ég hafi sagt.“ Því er lofað.

Eftir brautskráningu frá Bifröst var Guðmundi boðið starfsnámi hjá SÍS sem var í raun bara uppeldi hjá SÍS-veldinu og þótti mikil upphæfð. „Hefði ég þegið það hefði ég örugglega endað sem ráðherra eins og Bifrestingarnir Halldór Ásgrímsson, Guðmundur Bjarnason og Jón Kristjánsson,“ segir hann og glottir. „Það var bara eitt vandamál: Ég var ekki framsóknarmaður. Þess vegna gekk ég ekki Sambandinu á hönd.“

Áður en blekið var þornað

Hinn möguleikinn var að fara í endurskoðun og þar sem aðstæður mæltu með starfsnámi hélt Guðmundur í þá áttina. „Í dag myndi ég ekki fara í endurskoðun,“ segir hann óvænt. „Ekki misskilja það. Þetta er afbragðsnám og ég finn að ég bý að mikilli menntun og þekkingu. Mér hefur heldur aldrei leiðst í vinnunni og veit að ég er á réttri hillu. Það breytir þó ekki því að væri ég ungur í dag myndi ég velja eitthvað annað, til dæmis tölvunarfræði. Það er spennandi vettvangur.“

Árið 1969 hóf Guðmundur störf hjá N. Manscher og co. sem á þeim tíma var stærsta endurskoðunarstofa landsins með heila sex löggilta endurskoðendur innan sinna vébanda. Sú stofa varð síðar PricewaterhouseCoopers. Hugurinn stefndi þó annað og þegar Guðmundur lauk löggildingarprófi árið 1975 beið hann ekki boðanna. „Áður en blekið var þornað á prófskjalinu stofnaði ég mína eigin stofu eins og allir voru að gera á þessum árum. Menn vildu vera einrykjar, í mesta lagi tveir til þrír á stofu.“

Félagi Guðmundar, Gylfi Gunnarsson, stofnaði stofuna með honum en gekk úr skaftinu tíu árum síðar. Sneri sér að allt öðrum verkefnum. Fyrir rúmlega tíu árum kom hann aftur í fagið og deila þeir Guðmundur nú húsnæði þótt reksturinn sé aðskilinn. Hjá Hyggi vinna auk Guðmundar viðskiptafræðingur, bókari og starfsmaður í móttöku. Þá fær hann liðsauka meðan talið er af mestum móð fram til skatts fyrir einstaklinga, þar sem hann er sjálfur kominn með „ofnæmi fyrir skattaskýrslum einstaklinga“.

Alltaf lenti eldspýstokkurinn eins

Hyggir er háfleygt nafn. Guðmundur lýsir hugsuninni á bak við það á þann veg að þeir hafi ætlað að huga að hinum ýmsu málum og gæta hagsmuna fólks. „Annars var ég ekki hrifinn af þessu nafni í upphafi. Við skrifuðum nokkur nöfn á eldspýstokk og það var sama hvað við köstuðum honum oft upp alltaf kom þetta nafn upp, jafnvel þó það væri skrifað á röndina.“

Guðmundur hefur alla tíð haft nóg fyrir stafni. „Menn vinna miklu meira en þeir þurfa og kæra sig um í þessu fagi. Það er einhver andi sem erfitt er að útskýra. Einu sinni fór ég til vinnu í bíti á föstudaginn langa en gat ekki áttað mig á því hver hefði látist í bænum. Það var allstaðar flaggað í hálfra stöng. Það hvarflaði ekki að mér

að það væru páskar. Maður var gjörsamlega úti á þekju.“ Á þessum tíma þurfti að ljúka öllum verkefnum fyrir mitt ár en þá skiluðu allir af sér uppgjörum og framtölum, einstaklingar, félag og fyrirtæki. Eftir að þeim reglum var breytt fyrir um áratug hefur vinnuálagið dreifst betur yfir árið.

Í dag sinnir Guðmundur fyrst og fremst smærri fyrirtækjum og félagsamtökum eins og svo margir sjálfstæðir endurskoðendur. Hann gengur í verkefni af ýmsu tagi, endurskoðunin sjálf er bara hluti af starfsemi. Af öðrum þáttum nefnir hann árs- og árshlutauppgjör, ráðgjöf, sameiningu og skiptingu félaga, kaupsamninga og afsöl. Þá heldur Hyggir bókhald fyrir nokkur minnstu fyrirtækin. „Sérhæfing er ekki til í mínu starfi og þannig vil ég hafa það. Mér bauðst einu sinni starf hjá stóru endurskoðunarfyrirtæki en það heillaði mig ekki.“

Guðmundi þykir fagið hafa tekið miklum breytingum á seinni árum. „Alþjóðlegu staðlarnir eru orðnir svo margir og kröfurnar, skrifinnskan og regluverkið svo þungt í vöfum að það er eins og menn séu stöðugt að búa sig undir að mæta í réttarsal. Mín afstaða til þessarar þróunar er skýr: Ef þú gerir það sem þú átt að gera verðurðu ekki kallaður fyrir dómarann!“

Enginn tími til að spilla hjónabandinu

Þrátt fyrir annríki gegnum árin hefur Guðmundur gefið sér tíma til að líta annað veiðið upp úr skjölum og reikningum. Félagsmál eru hans ær og kýr og hefur hann m.a. starfað mikið í frímúrarareglunni og fyrir KR. „Ég er borinn og barnfæddur vesturbæingur og hef haldið tryggð við KR þó ég sé búinn að búa í Hafnarfirði í meira en þrjátíu ár. Þið vitið hvað er það eina sem sameinar FH og Hauka? Hatur á KR!“ Guðmundur beið eins og svo margir KR-ingar í 31 ár eftir

Íslandsmeistaratitli í fótbolta. „Ég var búinn að sjá þrjú til fjögur hundruð KR-leiki og ekkert gerðist. Svo allt í einu kom þetta sumarið 1999. Biðin var svo sannarlega þess virði. KR-ingar hertust líka við mótlætið og eftir því sem biðin varð lengri fjölgaði þeim bara á vellinum.“

Guðmundur er mikill fjölskyldumaður en hann á þrjú uppkomin börn og hefur alla tíð verið kvæntur sömu konunni. „Hjónabandið hefur gengið eins og í sögu enda vann ég svo mikið áratugum saman að ég var aldrei heima til að spilla því,“ segir hann glettinn.

Hjónin ferðast mikið saman, innanlands og utan. Þau eiga hlut í sumarbústað vestur í Djúpi og segir Guðmundur þann stað algjöra náttúru-perlu. „Það er ákaflega rólegt þarna og mannaferðir svo fátíðar að það kemur ekki að sók að sturtan er utandyra og snýr að veginum. Það er rétt að maður nái útvarpi þarna og útilokað er að tala í síma.“

Guðmundur fór í sína fyrstu utanlandsferð þrítugur. Fór þá í tjaldferð til Danmerkur. Svo liðu tíu ár fram að næstu ferð. Upp frá því halda honum hins vegar engin bönd.

Endurskoðendur sitja löngum stundum við skrifborðið og segir Guðmundur hreyfingu lífsnauðsynlega. Á árum áður lagði hann stund á knattspyrnu og hlaup en nú eiga hjólréiðar upp á pallborðið. „Hjólréiðar eru frábær íþrótt og blessunarlega laus við meiðsli.“ Þá fer Guðmundur þrisvar í viku í ræktina í hádeginu og lætur viðskiptavinina ekki tefja sig. „Þeir sýna þessu mismikinn skilning en ég segi við þá á móti: Heilsulaus endurskoðandi er gagnslaus endurskoðandi.“

Tilkynning til félagsmanna FLE

Almenna reglan er sú að tilkynningar um fundi og ráðstefnur á vegum FLE eru sendar til félagsmanna með tölvupósti. Félagsmönnum FLE sem óska eftir að fá slíkar tilkynningar í almennum pósti er bent á að hafa samband við skrifstofu félagsins.

Að reka smiðshöggjö



Ómar Davíðsson
hjá Löggiltum
endurskoðendum
ehf.

Sjónarsviðið er fokhelt einbýlishús í Vatnsenda-hverfinu. Endurskoðandinn brettir upp ermar, sveiflar hamri og dregur rafmagn af áberandi fimi. Hvergi sér svitadropa á enni.

– „Fyrirgefðu, sagðirðu endurskoðandi?“

„Já.“

– „Láttu ekki svona! Endurskoðendur sveifla hvorki hamri né draga rafmagn. Þeir eru ekki týpunar í það. Rykfallnir karlar á kontór.“

„Einmitt það. Gott þú minnst á þetta, klisjan lifir sumsé ennþá góðu lífi.“

En veruleikinn er allt annar, Ómar Davíðsson er a.m.k. lýsandi dæmi um hið gagnstæða. Hann hefur í raun og veru sama lag á hamri of reiknistokk. Vel fer á því enda eru endurskoðendur þekktir fyrir að reka smiðshöggjö.

„Það er nú ofmælt að ég sé jafnvígur á þetta tvennt,“ segir Ómar hógvær, „en hitt er rétt, ég er að reisa mér hús í Vatnsendahverfinu og hef gert heimikið í því sjálfur. Þannig að fáí ég einhvern tíma leið á endurskoðuninni, get ég farið að vinna sem rafvirki eða húsasmiður, alltént hafa meistararnir sem hafa aðstoðað mig boðist til að skrifa upp á sveinsbréfið. Ég hef unnið samningstímann,“ bætir hann við hlæjandi.

Hverfandi líkur eru þó á þeim hamskiptum. Ómar var nefnilega ungur gefinn talnaspekinni og ákvað strax í fjölbraut að leggja endurskoðun fyrir sig. Hann lauk prófi í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 1996 og hóf í kjölfarið störf á endurskoðunarstofunni BDO. Þegar hún sameinaðist PricewaterhouseCoopers (PwC) um aldamótin flutti Ómar sig þangað. Árið 2002 lauk hann löggildingarprófi.

Langaði að standa á eigin fótum

Tveimur árum síðar tók ferill hans svo nýja stefnu þegar hann sagði starfi sínu hjá PwC lausu og stofnaði eigin stofu, Löggilta endurskoðendur ehf., ásamt félaga sínum og starfsbróður, Andrési E. Hilmarssyni.

„Þetta var allt gert í mesta bróðerni. Mér líkaði ákaflega vel hjá PwC og er ennþá í góðu sambandi við marga sem þar starfa. Mig langaði aftur á móti til að standa á eigin fótum og þetta varð því niðurstaðan.“

Nokkrir viðskiptavinir fylgdu Ómari og Andrési frá PwC en að þeim frátöldum þurftu þeir að byggja stofuna upp frá grunni. „Það tók styttri tíma en við reiknuðum með og í dag erum við að vinna fyrir um þrjú hundruð lögáðila. En þetta hefur verið heimikil vinna. Því get ég ekki neitað. Ég hef farið upp í 190 yfirvinnutíma á mánuði sem telst nokkuð gott! Það er fyrst núna að við sjáum fyrir endann á þessari törn. En þetta hefur verið hverrar mínútu virði.“

Sjötti starfsmaðurinn bættist í hópinn í desember og reiknar Ómar með að færa út kviarnar enn frekar á komandi misserum. „Við töldum að það væri grundvöllur fyrir litilli stofu af þessu tagi. Það eru þónokkrir einyrkjar starfandi í faginu á höfuðborgarsvæðinu en þeir eru flestir komnir um og yfir sextugt, þannig að það má segja að tími hafi verið kominn á nýtt blóð,“ segir Ómar en þá Andrés vantar báða nokkur ár í fertugt.

Löggiltir endurskoðendur ehf. eru til húsa í Hverafold í Grafarvogi en hafa augastað á nýju og stærra húsnæði í Kópavogi og ef allt gengur að óskum flytur stofan þangað á árinu.

Óhæði skiptir öllu

Enda þótt starfsumhverfið sé ólíkt segir Ómar starf sitt hafa tekið merkilega litlum breytingum við vistaskiptin. „Hjá PwC var ég aðallega að vinna fyrir meðalstór félög og félög á verðbréfaþingi með veltu upp á nokkur hundruð milljónir króna upp í nokkra milljarða. Með-



Skattadagur FLE

Skattadagur FLE, ráðstefna um skattamál var haldinn föstudaginn 19. janúar 2007 í Gullteig, Grand Hótel Reykjavík. Alls sóttu 196 manns skattadaginn að fyrirlesurum meðtöldum. Ráðstefnustjóri var Þorsteinn Haraldsson endurskoðandi. Formaður FLE Lárus Finnbogason setti ráðstefnuna, en síðan var gengið til dagskrár sem var eftirfarandi:

- **Nýlegar breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt, virðisaukaskatt, reglugerðir o.fl. er þeim tengjast**

Guðmundur Snorrason endurskoðandi hjá Grant Thornton ehf.

- **Skattafyrirhyggja og skattasniðganga**
Kristján Gunnar Valdimarsson, hdl. Forstöðumaður hjá Landsbanka Íslands hf. og adjúntk við Lagadeild HÍ.

- **Úrskurðir og dómur**

Steinþór Haraldsson lögfræðingur hjá ríkisskattstjóra.

- **Ábyrgð endurskoðenda**

Garðar Gíslason hdl. hjá Lex ehf. lögmannsstofu.



Málin rædd: Guðmundur R. Óskarsson og Jón H. Skúlason endurskoðendur.

- **Um fjöllun um virðisaukaskatt**

Elín Árnadóttir hdl. hjá Pricewaterhouse Coopers hf.

- **Sýn nýs ríkisskattstjóra á skattamál**

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri.

alstórir viðskiptavinir henta okkur vel auk þess sem evrópska regluverkið gerir smærri aðilum sífellt erfiðara um vik að sinna stærstu verkefnum.

Ýmsir aðilar hafa, að sögn Ómars, leitað til Löggiltra endurskoðenda á þeim forsendum að þeim hafi fundist þeir afskiptir hjá stóru stofnunum, þar sem þeir voru áður. „Kúnnar sem voru litlir hjá stóru stofnunum eru stórir hér og kunna að meta það. Andrúmsloftið er annað og þjónustan vonandi betri. Það hafa myndast sterk tengsl.“

Ekkert er þó óhæðissjónarmiðinu yfirsterkara. „Við fengum gott uppeldi hjá PwC, sem er stærsta endurskoðunarfyrtæki í heiminum. Síðareglur þar eru strangar og kröfur mjög miklar og við höfum fylgt þeim í okkar starfi. Annað kemur

ekki til álita. Menn munu ekki sjá okkur í veiðiferðum með viðskiptavinum. Það á ekki við.“

Heimurinn er alltaf að minnka og að undanförunu hafa Ómar og félagar átt í samstarfi við BDO í Lundúnum, skipst á heimsóknum og fengið fáein verkefni fyrir atbeina Bretanna. Hann gerir þó ekki ráð fyrir að erlendir viðskiptavinir verði fyrirferðamiklir hjá þeim í framtíðinni.

Dagurinn hálfnaður klukkan þrjú

Endurskoðun er innvinna sem kallar á mikla einbeitingu og viðveru fyrir framan tölvuna. Ómar segir nauðsynlegt að standa annað veiðið upp og koma blóðrásinni af stað. „Mér finnst ágætt að fara í sund eða ræktina og svo hleyp ég stundum kringum Grafarvoginn. Maður verður að hreyfa

sig. Ef skrokkurinn er ekki í lagi er höfuðið það ekki heldur.“

Hann brýtur daginn þó ekki upp í hádegis eins og svo margir. „Mér finnst best að fara um þrjúleytið. Þá er dagurinn hálfnaður hjá mér.“

Já, vinnudagurinn er langur. Öðrum þræði vonar Ómar samt að hann fari að stytta enda á hann sambýliskonu og fimmtán mánaða gamlan son. „Ég byrjaði tiltölulega seint á barneignum, kannski eins gott því ég hefði varla haft tíma fyrr, og maður forgangsraðar öðruvísi þegar maður er kominn með fjölskyldu.“

En mæðgin verða þó aðeins að sýna biðlund. Nýja húsið á hug fjölskylduföðurins allan þessa dagana. „Þar er ég öllum stundum þegar ég er ekki að vinna um þessar mundir. Við stefnum að því að flytja inn í mars.“

Endurskoðunardagur FLE

Endurskoðunardagur FLE var haldinn föstudaginn 13. apríl 2007 í Gullteig, Grand Hótel Reykjavík. Ráðstefnan var opin endurskoðendum, innri endurskoðendum og öðrum þeim sem áhuga hafa. Í fyrsta sinni var boðið uppá fjarfundasetu fyrir félagsmenn búsetta á landsbyggðinni. Alls voru það 18 manns sem nýttu sér búnaðinn. Þátttakendur voru 189 að meðtöldum fyrirlesurum, gestum og þeim sem nýttu sér fjarfundabúnað. Ráðstefnustjóri var Heimir Þorsteinsson endurskoðandi. Formaður FLE Lárus Finnbogason setti ráðstefnuna, en síðan var gengið til dagskrár sem var eftirfarandi:

- **Innri endurskoðun**

Lilja Steinþórsdóttir forstöðumaður Innri endurskoðunar hjá Kaupþingi hf.

- **Implementing the Statutory Audit Directive – challenges in the Nordic countries**

Per Hanstad, framkvæmdastjóri Félags endurskoðenda í Noregi, DnR

- **Is it possible to audit small companies in compliance with International standards on Auditing?**

Per Hanstad

- **Hvert er hlutverk Samtaka fjármálafyrirtækja?**

Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri SFF – Samtök fjármálafyrirtækja



Heimir Þorsteinsson ráðstefnustjóri Endurskoðunardags FLE, Lárus Finnbogason fráfarandi formaður FLE, Lilja Steinþórsdóttir og Per Hanstad.

- **Innleiðing 8. félagsréttartilskipunar ESB á Íslandi**

Margret G. Flóvenz endurskoðandi hjá KPMG hf.

Reikningsskiladagur FLE

Reikningsskiladagur FLE var haldinn föstudaginn 21. september 2007 í Gullteig, Grand Hótel Reykjavík. Ráðstefnan var opin endurskoðendum, innri endurskoðendum og öðrum þeim sem áhuga hafa. Þátttakendur voru 211 að með-

töldum fyrirlesurum, gestum og 10 manns sem nýttu sér fjarfundabúnað til ráðstefnusetu. Ráðstefnustjóri var Sæmundur Valdimarsson endurskoðandi. Formaður FLE Lárus Finnbogason setti ráðstefnuna, en síðan var gengið til dagskrár sem var eftirfarandi:

- **Staða reikningsskilamála hér á landi**

Stefán Svavarsson, innri endurskoðandi Seðla-banka Íslands og dósent við Háskólann í Reykjavík

- **Upplýsingagjöf í ársreikningum fyrirtækja**

Sigurður Harðarson, Capacent ráðgjöf

- **Fjárfestingar erlendis og reikningsskil**

Geir a. Gunnlaugsson, fyrrverandi forstjóri og stjórnarformaður Promens hf.

- **Útdeiling kaupverðs (PPA)**

Mikko Palmo, Director KPMG Corporate Finance Finland

- **Mikilvægt hlutverk endurskoðenda**

Lárus Welding forstjóri Glitnis Banka hf.



Skil sf.: Birgir Ólafsson og Þórdís K. Guðmundsdóttir endurskoðendur



Margrét Pétursdóttir, formaður menntunarnefndar FLE

Haustráðstefna FLE og fleira af borði menntunarnefndar

Haustráðstefna félagsins var haldin þann 16. nóvember 2007 á Grand Hótel. Alls sóttu 199 manns ráðstefnuna að fyrirlesurum með-töldum. Ráðstefnustjóri var Vignir Rafn Gíslason endurskoðandi.

Efni ráðstefnunnar var meira beint inn á við en oft áður og bar yfirskriftina Menntun, endurmenntun og starfsumhverfi endurskoðenda. Eins og endurskoðendur hafa rækilega orðið varir við er ekkert lát á breytingum í því umhverfi sem við störfum í og þörf á að hafa sig allan við til halda í við þær. Markmiðið var að halda ráðstefnu þar sem við gætum rætt um þá þau mál-efni sem standa okkur næst, þ.e. menntun og endurmenntun endurskoðenda auk siðareglna. Hvort um sig eru málefni sem huga verður vel að svo við séum alltaf uppfærdd um hið nýjasta sem er að gerast og að við innum starf okkar af hendi þannig að sómi sé af.

Fyrst tók til máls Krístrún Helga Ingólfssdóttir fulltrúi NRF í menntunarnefnd IFAC, kynnti hún m.a. fyrir okkur hlutverk nefndarinnar og menntunarstaðla. Eins og við vitum er verið að vinna að innleiðingu á áttundu tilskipun Evrópu-sambandsins og þar með fylgir að við þurfum að innleiða efni menntunarstaðla IFAC. Stefnt er að því að ný og breytt lög um endurskoðendur taki gildi um mitt þetta ár þar sem búið verður að innleiða helstu atriðin í stöðlunum. Eitt af því sem skiptir máli í þeim er að endurmenntun- einingum sem okkur er skylt að afla okkur til að halda réttinum fjölgar úr 90 í 120 og um verður að ræða hlaupandi þriggja ára tímabil. Einnig er gerð krafa um að hluti af einingunum sé sannreynanlegur, en ekki gerð krafa um samskonar flokkun og við búum við núna á milli faghlutanna þriggja og almenna hlutans. Nú er

Haustráðstefna FLE

ekki ljóst hvernig við munum fara að þessu en menntunarnefnd hefur hug á að leita aðstoðar út fyrir landsteinana og sjá hvernig aðrar þjóðir í kringum okkur hafa staðið að þessu. Menntunarnefnd IFAC er að búa til efni til að hjálpa til við innleiðinguna og einnig er verið að rannsaka hjá nefndinni hvernig standa á að mælingum á útkomu úr endurmenntun. Niðurstöður úr þeirri rannsókn eru væntanlegar á næsta ári. Ljóst er á ofanrituðu að heilmikil vinna bíður okkar, bæði nefndarinnar sem og öllum endurskoðendum að tileinka sér nýjungarnar.

Næst tók til máls Anette Hedbern sem starfar hjá sænska endurskoðunarfélaginu og fór hún yfir hvernig menntun og endurmenntun er hátt að þar í landi.

Að kaffihléi loknu komu fulltrúar frá HÍ og HR og kynntu fyrir okkur hvernig meistaranámið er uppbyggt. Það vakti athygli að Stefán Svavars-son fulltrúi HR vakti máls á því að jafnvel væri ekki grundvöllur fyrir því að tveir háskólar væru að sinna kennslu í meistaranámi í endurskoðun þar sem nemendur væru ekki það margir. Það hefur sína kosti að hafa meistaranámið í tveimur skólum, einna helst þann að á milli skólanna ríkir samkeppni um nemendurna og það ætti að leiða til aukins metnaðar og þar af leiðandi öflugra náms. Ókosturinn hlýtur að vera óhagkvæmni vegna fárra nemenda. Hvað verður ofan á mun framtíðin leiða í ljós.

Næst tók til máls Guðmundur Óskarsson endurskoðandi hjá Hyggi ehf. Guðmundur



Vignir Rafn Gíslason ráðstefnustjóri Haustráðstefnu FLE.

fjallaði um þann vanda sem smærri endurskoð- unarstofur standa frammi fyrir þegar kemur að endurmenntun. Guðmundi finnst að félagið hafi ekki komið nægjanlega á móts við þarfir þeirra í ráðstefnu- og námskeiðahaldi. Einnig kallaði hann eftir því að félagið gripi til aðgerða þeim til hjálpar þar sem erfitt er að endurskoða í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla án þess að hafa til þess tæki og tól í líkingu við þau sem stærri endurskoðunarstofunnar eiga og nota.

Það eru skiptar skoðanir á því hvort félagið sjálft eigi að standa fyrir miklu námskeiða- haldi eða hvort leggja eigi áherslu á samstarf við menntastofnanir í þeim tilgangi að þær beri uppi endurmenntunina í samstarfi við FLE. Á undanförunum árum hefur FLE ekki staðið sjálft fyrir mikið af námskeiðum en þess í stað lagt áherslu á að eiga gott og öflugt samstarf við menntastofnir einkum HÍ, HR og Bifröst. Þessir skólar hafa á að skipa öflugum kennurum og góðri aðstöðu og starfsmenn þeirra hafa verið allir af vilja gerðir til að koma til móts við endurmenntunarkröfur endurskoðenda. Bæði hafa þessir skólar boðið upp á smærri námskeið og auk þess opnað námskeið sín fyrir endurskoð- endum þannig að þeir geti setið áfanga án þess að þurfa að þreyta próf. Námskeiðin sem hafa verið búin til sérstaklega að ósk menntunarnefndar hafa ekki öll verið vel sótt og sum þeirra hefur þurft að fella niður. Stafar það líklega af því að stærri endurskoðunarstofur eru sjálf- bærar um endurmenntun og efnið hefur líklega ekki höfðað nægjanlega vel til endurskoðenda á smærri stofum.

Menntunarnefnd mun halda áfram samstarfi við háskólana en er þó hikandi við að biðja þá að sérsníða námskeið að okkar þörfum þar sem aðsókn á þau hefur verið svo dræm. Við hvetjum hér með þá félagsmenn sem óska eftir námskeið- um um sérstakt efni til hafa samband við menntunarnefnd með hugmyndir sem þeir hafa.

Í tengslum við haustráðstefnu FLE tók menntunarnefnd upp á þeirri nýbreytni að halda stutt námskeið í skattlagningu söluhagnaðar og

afleiðusamningum. Dagsetningin var valin þannig að þeir endurskoðendur sem búa úti á landi gætu nýtt ferðina og slegið tvær flugur í einu höggi, sótt námskeið samhliða haustráðstefnunni. Það er skemmst frá því að segja að aðsóknin fór langt fram úr væntingum og yfir 100 manns mættu á námskeiðið.

Í tilraunaskyni hefur menntunarnefnd hug á því að standa fyrir fjórum stuttum námskeiðum á næsta ári í tengslum við ráðstefnur félagsins. Reynt verður að hafa námskeiðin í formi kennslu ásamt fyrirlestrum svo félagsmenn fái raunhæf dæmi um hvernig beita skuli fræðunum. Vilji er fyrir því að nýta fagnefndir félagsins til undirbúningsins. Þegar þetta er skrifað er þegar búið að halda fyrsta námskeiðið sem haldið var þann 10. janúar s.l. í tengslum við skattadag félagsins og fjallaði um reikningshaldslega meðferð afleiðusamninga. Nú er verið að undirbúa námskeið í skattamálum sem vonir eru til að haldið verði 17. apríl nk. og með vorinu er svo á dagskrá að halda námskeið í samstæðureikningskilum, þar sem farið verður verklaga í úrlausn á dæmi sem tekur á flestum þáttum sem skipta máli við samningu á samstæðureikningskilum.

Er það von nefndarinnar að vel takist til og að efnið höfði til sem flestra félagsmanna.

Eins og fram hefur komið, bæði á hádegisverðarfundum og einnig á haustráðstefnunni hafa norðmenn smíðað endurskoðunarkerfi fyrir sína félagsmenn. Þessa dagana er unnið að því að þýða það yfir á ensku þar endurskoðendur í öðrum löndum munu einnig nýta sér það. Fram hafa komið hugmyndir um hvort félagið geti staðið fyrir kaupum á því (ef það stendur til boða) og þýtt það yfir á íslensku svo smærri endurskoðunarstofur hér gætu nýtt sér það. Það er skoðun allra sem menntunarnefnd hefur ráðfært sig við að ekki sé raunhæft að þýða kerfið yfir á íslensku. Breytingar á alþjóðlegum stöðlum séu svo örvar að uppfærslur myndu verða of tímafrekar og kostnaðarsamar. Það er samt fullur vilji fyrir því að kanna þetta mál til hlítar, og þá fyrst hvort félagið gæti haft milligöngu um sölu á kerfinu frá Noregi og svo í framhaldi hvort félagið geti þá staðið fyrir því að flytja inn kennara til að kenna á það.

Eftir hádegisverð fjallaði Eyjólfur Ármannsson lögfræðingur um skyldur endurskoðenda hvað varðar peningaþvætti en skv. lögum berum við



Anette Hedberg og Kristrún Helga Ingólfssdóttir.

ákveðna upplýsingaskyldu í þeim efnum sem við verðum að þekkja til. Að því loknu fjallaði Guðmundur Snorrason um nýjar siðareglur FLE sem verið er að vinna að.

Að lokum fengum við tvo góða gesti frá nýstofnuðu félagi Auði Capital, þær Höllu Tómasdóttur og Kristínu Pétursdóttir. Þær stöllu er að hrinda af stað fjármálafyrirtæki sem mun hefja starfsemi á nýju ári.

Það er ljóst að menntunarnefnd ásamt okkur öllum biðja krefjandi verkefni við að uppfylla þær skyldur sem gerðar eru til okkar um endurmenntun og er það von nefndarinnar að sú nýbreytni varðandi námskeið sem fjallað var um hér að ofan verði til að létta mönnum róðurinn að einhverju leyti.

Skattadagur FLE

Skattadagur FLE, ráðstefna um skattamál var haldinn föstudaginn 11. janúar 2008 í Gullteig, Grand Hótel Reykjavík. Alls sóttu 242 manns skattadaginn að fyrirlesurum meðtöldum. Ráðstefnustjóri var Sigurbjörn Charles Guðmundsson endurskoðandi. Formaður FLE Margrét Flovenz

setti ráðstefnuna, en síðan var gengið til dagskrár sem var eftirfarandi:

- **Þar sem síminn sefur – um skatt-rannsóknir**

Þorsteinn Haraldsson endurskoðandi hjá skatt-rannsóknastjóra

- **Nýjungar og umbætur í skattaframkvæmd**

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri

- **Úrskurðir og dómur**

Steinþór Haraldsson settur skattstjóri í Suðurlandsumdæmi

- **Skattaleg meðferð afleiðu- og framvirkra samninga**

Árni Harðarson hdl hjá Salt Investment

- **Söluhagnaður hlutabréfa**

Sigurjón Högnason lögfræðingur hjá KPMG hf.

- **Nýlegar breytingar á lögum um tekjuskatt, virðisaukaskatt, reglugerðir o.fl. er þeim tengjast**

Guðmundur Snorrason endurskoðandi hjá PricewaterhouseCoopers hf.



Fjölmennt var á Skattadegi FLE.

Við bendum lesendum á heimasíðu FLE www.fle.is þar sem nálgast má glærur flestra fyrirlesaranna.



Nýir félagar árið 2008

Í árslok 2007 luku 15 einstaklingar verklegum prófum til löggildingar í endurskoðun og öðluðust þar með rétt til að fá löggildingu sem endurskoðendur. FLE óskar nýjum endurskoðendum allra heilla í starfi og býður þá velkomna í félagið.



Berglind Ósk Gunnarsdóttir, KPMG hf., Egilsstöðum



Birna Mjöll Rannversdóttir, KPMG hf.



Bjarni Jóhannesson, KPMG hf.



Björg Ragna Erlingsdóttir, KPMG hf.



Davíð Arnar Einarsson, Kaupþing – fjármálasvið



Egill Helgason, Deloitte hf.



Elva Dröfn Sigurðardóttir, SPRON



Erik Ingvar Bjarnason, PricewaterhouseCoopers hf.



Gunnar Sigurður Gunnarsson, Deloitte hf.



Helga Harðardóttir, PricewaterhouseCoopers hf.



Helgi Nielsson, KPMG hf.



Jóna Árný Þórðardóttir, KPMG hf., Fjarðarbyggð



Magnús Jónsson, KPMG hf., Egilsstaðir



Sigurður Álfgeir Sigurðarson, Deloitte hf., Egilsstaðir



Örnólfur Jónsson, Deloitte hf.

Löggildingarpróf

Prófnefnd endurskoðenda hefur lokið yfirferð löggildingarprófa haustið 2007 og gert prófmönnum grein fyrir niðurstöðum. Alls þreyttu 57 einstaklingar próf að þessu sinni og urðu niðurstöður í einstökum greinum þannig:

Próf í endurskoðun:
13 af 28 náðu tilskilinni lágmarks-einkunn 7,5 eða 46,4%

Próf í reikningsskilafraeðum:
15 af 24 náðu tilskilinni lágmarks-einkunn eða 62,5%

Próf í skattskilum:
22 af 36 náðu tilskilinni lágmarks-einkunn eða 61,1%

Próf í gerð reikningskila:
13 af 25 náðu tilskilinni lágmarks-einkunn eða 52,0%.

15 einstaklingar hafa lokið öllum fjórum prófunum með tilskilinni lágmarkseinkunn og hljóta löggildingu sem endurskoðendur.

Prófnefnd



Afhending löggildingarskírteina í byrjun árs 2008





GOLF annáll



Sigurður Tómasson,
endurskoðandi
og forseti
alþjóðadeildar
Golfhóps FLE

Fyrri spakmæli þessarar greinar er haft eftir Frank Coffey og skrifast þannig: „Golf er gott fyrir sálina. Maður verður svo reiður sjálfum sér fyrir öll leikmistökina að maður gleymir að hata óvininn.“

Golfár endurskoðenda 2007 var ekki stórt í sniðum og viðburðir færri en oft áður. Enn þykir þó við hæfi að koma því helsta til skila í árlegum golfpistli þannig að allir í félaginu, jafnt þeir sem leika golf sem og aðrir sem ekki hafa enn látið golfdraum sinn rætast, megi verða sem best upplýstir um það sem gerist á þessum vettvangi.

Árið 2007 var Kristófer Ómarsson einvaldur okkar í því sem skeði á golfárinu hér innanlands. Fram hefur komið í golfannál síðustu ára að veruleg tregða er hjá félagsmönnum að mæta á þá golfviðburði sem golfdeild FLE setur á svið. Þessi tregða endurtók sig sumarið 2007 og fór svo að einungis 3 atburðir voru fyrirhugaðir og verður hér á eftir sagt frá niðurstöðum.

Um langt árabíl hafa liðsmenn golfdeildar FLE haft árlega keppni við annars vegar lögmenn og hins vegar tannlækna. Keppnin við tannlækna fór fram í byrjun júlí á Þorlákshafnarvelli og lauk þeirri viðureign með yfirburðasigri okkar. Það er því okkar hlutverk að varðveita þann bikar sem keppt er um. Því miður varð ekkert úr keppni okkar við lögmenn og er það annað árið í röð sem blása verður þá keppni af. Árið 2006 skrifadist það á okkar reikning vegna þátttökuleysis



Rigningarlegur dagur í Skotlandi.

úr okkar hópi en sl. sumar greip Kári inn í og blés svo hressilega að menn treystu sér ekki til að fara á móti honum. Lögmenn halda því enn áfram þeim bikar sem lið þessara aðila hafa keppt um mörg undanfarin ár og lögmenn náðu að sigr síðast þegar keppt var – árið 2005.

Venja er að hafa Meistaramót FLE að hausti til. Meðan endurskoðendur komu oftast saman í golfleik en nú er orðið, þá var Meistaramótið einskona vertíðarlok. Þá skapaðist sú venja að hafa verðlaunaafhendingu mótskvöldið með kvöldverði sem makar golfspilaranna mættu til. Um nokkurt árabíl höfðu makarnir einnig með sér keppni og höfðu sín verðlaun. Varð af þessu öllu hin besta skemmtun. Meistaramótið fór nú fram í 26. sinn föstudaginn 14. september á Grafarholtsvelli og mættu 13 endurskoðendur til leiks. Miðað við árstíma var veðrið hagstætt, svolítið kalt og svolíttill vindur. Svólítt af öllu. Allir luku leik og nutu dagsins. Í mótslokinn sagði síðan einvaldur frá úrslitum og afhenti verðlaun. Golfmeistari FLE árið 2007 er Stefán Svavarsson sem nú sigraði í 3ja sinn á þessu móti. Aðrir sigurvegarar þetta árið voru Stefán Svavarsson sem lék best án forgjafar og Stefán Svavarsson varð einnig öldungameistari. Í fyrsta sinn í sögu þessa móts er það sami aðilinn sem sigrar í öllum þeim 3 flokkum sem keppt er í. Stefán hefur því unnið afrek sem í besta falli verður jafnað en aldrei bætt!! Íþróttasiða FLE fréttu óskar Stefáni til hamingju með meistaratitilinn og þetta einstaka afrek.

Einvaldur gaf upp nokkra tölfræði þegar hann sendi úrslit mótsins út á netinu og skal þess hér getið og aðeins bætt við. Yngsti keppandi mótsins var 38 ára en sá elsti 77 ára. Sá eldri var þannig vel helmingi eldri. Meðalaldur var 56.5 ár og af 13 keppendum voru 8 í öldungaflokki – yfir 55 ára. Engin kona tók þátt. Þessar niður-

stöður segja væntanlega til um að eitthvað þarf að gera til að laða yngri golfiðkendur og konur til keppinnar. Í samfleytt 26 ár hefur meistaramót FLE í golfi verið haldið og er það vonandi að komandi kynslóðir viðhaldi og bæti við þær venjur og hefðir sem um þetta mót hafa skapast. Það er afrek út af fyrir sig að það skuli hafa tekist að halda þessu gangandi þennan tíma og vonandi verður þetta áfram um mörg okómin ár.

Hefð er komin á golfferð endurskoðenda til Skotlands í maí hvert ár. Tíunda vorferð FLE golfara var farin dagana 10. – 15. maí 2007 og í þetta sinn var ferðinni heitið á golfhótel í námunda við borgina St Andrews sem er, eins og flestir eða allir lesendur vita, heimshöfuðborg golfsins. Í þessari frægu borg er einnig að finna elsta háskóla Skotlands og stærstu kaþólsku kirkju landsins.

En St Andrews er meir en bara golf og háskóli og til þess að fræðast um hver Dýrtingurinn Andrés var (Saint Andrew) þá verðum við m.a. að fara í hina helgu bók. Sagt er að Andrés hafi verið fiskimaður þegar hann var kallaður til starfa til að veiða menn til fylgis við kristna trú. Þegar fundum hans og meistarans bar saman þá kynnti Andrés bróður sinn, Símon Pétur, sem síðar varð einn af lærisveinum. Í Jóhannesarguðspjalli (6.8.) kemur fram að Andrés var nálægur þegar fimm þúsund karlmenn skiptu með sér fimm brauðum og tveimur fiskum en þar á Andrés að hafa sagt; „Hér er piltur, sem er með fimm byggbrauð og tvo fiska, en hvað er það handa svo mörgum?“ Andrés starfaði sem trúboði í Rómaveldi og sem slíkur varð honum svo mikið ágengt í starfi sínu að hann ávann sér ótta rómversks leiðtoga sem lét um síðir krossfesta hann á X laga krossi. Hundruðum árum seinna voru gefin fyrirmæli um að flytja líkamsleifar Andrésar svo langt frá Rómaveldi sem mögulegt



Keppendur á Meistaramóti FLE í september 2007.

væri – til hjara veraldar ef mögulegt væri. Staðarvalið var lítil borg á norðurströnd Skotlands sem hét Kilrymont. Síðar var borginni gefið nýtt nafn – St Andrews. Saint Andrew er verndardýrlingur Skotlands og þann 30. nóvember hvert ár er Andrésardeginum (St Andrews day) fagnað af Skotum um allan heim. Fáni Skotlands er blár X laga kross á hvítum grunni og sá fáni er í dag sameiningartákn Skota.

Við vorum 15 endurskoðendur sem fórum í golfferðina til Skotlands og dvöldum í góðu yfirlæti á St Andrews Bay Golf Resort and Spa – nýlegt hótél með öllum nútímapægindum. Í ljós kom að hótélkeðja sem heitir Fairmont (kanadísk) hafði nýverið yfirtekið rekstur hótelsins. Við hótelið eru 2 golfvöllir, Devlin og Torrance, báðir strandarvellir. Við lékum báða þessa velli en af tveimur góðum völlum fannst okkur Devlin völlurinn vera áberandi betri og

lékum hann oftast. Við vorum svo heppnir að mjög lítil umferð var þá daga sem við vorum þarna þannig að við gátum næsta leikið sem við vildum. Hins vegar vorum við frekar óheppnir með veðrið í þessari ferð okkar og má segja að í fyrsta sinni í þessum tíu golfferðum okkar til Skotlands hafi veðrið haft veruleg áhrif á golfleik okkar. Ekki þó svo að ekki væri unnt að spila golf en við skulum bara segja það hafi líkst íslensku veðri óþarflega mikið.

Einn hluti af ferð okkar til Skotlands er að hitta skoska endurskoðendur frá Edinborgarsvæðinu og eiga með þeim dagstund við golf og leik. Við leyfum okkur að kalla þetta landsleik í golfi. Ákveðið hafði verið að hitta skoska félag okkar sama daginn sem við flugum út eða 10. maí. Ennfremur var það fastsett að spila sama golfvöll við Edinborg sem við höfðum spilað bæði árin 2003 og 2004, en völlurinn til-

heyrir Bruntsfield Links Golfing Society. Stofnár þessa golfklúbbs var árið 1761 og enn á ný upplifðum við einstakt andrúmsloft þessa svæðis, golfhús og golfvöllur. Dagurinn sem við mættum til leiks var einstaklega óhagstæður okkur. Eins og venjulega þurftum við að vera árrisulir til að mæta í flug og eftir ferðalag sem tók rúmar 8 klukkustundir, flugferð frá Íslandi og rútuferð milli Glasgow og Edinborgar, var greinilegt að hópurinn var þreyttur. Meðalaldur hópsins



Það skein líka sól í Skotlandi vorið 2007.



Hin fræga steinbrú á St Andrews golfvöllinum.

var 60 ár og það er nú ekki endilega meðalaldur íþróttahóps til landsleiks sem fer héðan frá Íslandi. Nema þegar um öldungamót er að ræða sem var svo sannarlega ekki í þessu tilviki. Þegar ofaná þetta bættist samfelld rigning allan tímann sem við lékum golf þennan daginn þá var ekki búist við miklum afrekum. Engu að síður var golfdagurinn með skoskum endurskoðendum hinn ánægjulegasti og létum við það ekki spilla ánægjunni þó við biðum lægri hlut með yfirburðum í keppninni við þá. Við teljum okkur

geta verið þokkalega sátta við tap eftir að hafa ýmist unnið eða gert jafnt í öll þau 9 skipti, að undanskildum 2 skiptum, sem við höfum spilað við þá. Og það á þeirra heimavelli! En farandgripurinn sem ICAS lagði til, sérstök gerð af skál sem á þeirra máli kallast Quaich, mun hafa vetursetu í Skotlandi þetta árið en verður væntanlega sótt vorið 2008. Að golfleik loknum áttum við góða stund með skoskum félögum okkar við mat og drykk áður en við héldum áfram ferð okkar að áfangastað í St Andrews.

Síðara spakmæli þessarar greinar er haft eftir Rotary félagi á golfvöllinum í St Andrews í Skotlandi: „Eðlilegt skor fyrir endurskoðanda sem stundar golf er níutíu (90). Ef hann er betri sinnir hann starfi sínu ekki nógu vel. Ef hann er verri sinnir hann golfinu ekki nógu vel.“ Þegar við endurskoðendur fórum í 10. ferð okkar til Skotlands í maí 2007 kom vel í ljós sannindi þessara orða en hér verður ekki farið nánar í þá höggatölu og menn skildir eftir við að túlka þetta sjálfir.